Íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Faghópur um samfélagsleg áhrif virkjana, 3. áfangi rammaáætlunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf íbúa í Skagafirði til samfélagslegra áhrifa virkjana
Dagsetning skýrsluskila	25. febrúar 2016

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Félagsvísindastofnun: Andrea G. Dofradóttir Björn Rafn Gunnarsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson Faghópur um samfélagsleg áhrif virkjana: Ásgeir Brynjar Torfason Dóra Guðrún Guðmundsdóttir Jón Ásgeir Kalmansson Magnfríður Júlíusdóttir Páll Jakob Líndal
Umræðustjórar og ritarar	Andrea G. Dofradóttir – Ólafur Páll Jónsson Ásdís A. Arnalds - Daníel Óli Ólafsson Björn Rafn Gunnarsson – Lára Kristín Sturludóttir Guðlaug J. Sturludóttir – Grétar Atli Davíðsson Hafsteinn Einarsson – Arnór Steinn Ívarsson Helgi Guðmundsson – Tinna Isebarn Jóna S. Gunnarsdóttir – Birkir B. Ingólfsson
Úrvinnsla	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson
Skýrslugerð	Bylgja Árnadóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson

EFNISYFIRLIT

Töfluyfirlit... 4

Bakgrunnur verkefnis 7

Framkvæmd og heimtur 8

Úrvinnsla 11

Bakgrunnsupplýsingar 11

Niðurstöður - Spurningakönnun 12

Niðurstöður – umræður á íbúafundi 45

Helstu niðurstöður 46

Náttúra 48

Breytingar á umhverfi 50

Samfélag – Umræða um virkjanamál og samstaða íbúa 53

Samfélag – Annað 54

Stjórnmál, áhrif á sveitarfélagið og opinbera þjónustu 56

Efnahagur 57

Atvinna 58

Ferðaþjónusta 61

Framkvæmdir og framkvæmdaaðilar 64

Orkuframleiðsla - Almennt 66

Orkuframleiðsla – Munur á virkjanakostum 69

Nýting 71

Samráð 73

Íbúafundur 75

Samantekt 76

Viðauki 79

Umræðurammi 79

Spurningar umræðuhópa til faghóps 82

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Framkvæmd símakönnunarinnar 8

Tafla 2. Mæting á íbúafund 10

Tafla 3. Bakgrunnsupplýsingar 11

Tafla 4. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag? 12

Tafla 5. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag? – bakgrunnsgreining 13

Tafla 6. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag? – almenn skráning 14

Tafla 7. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla? 14

Tafla 8. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla? - bakgrunnsgreining 15

Tafla 9. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla? – almenn skráning 16

Tafla 10. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna? 16

Tafla 11. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna? - bakgrunnsgreining 17

Tafla 12. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna? – almenn skráning 18

Tafla 13. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu? 18

Tafla 14. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining 19

Tafla 15. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu? – almenn skráning 20

Tafla 16. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna? 20

Tafla 17. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna? - bakgrunnsgreining 21

Tafla 18. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna? – almenn skráning 22

Tafla 19. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar?** **22**

Tafla 20. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar? - bakgrunnsgreining** **23**

Tafla 21. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar? – almenn skráning** **24**

Tafla 22. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins?** **24**

Tafla 23. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? - bakgrunnsgreining** **25**

Tafla 24. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? – almenn skráning** **26**

Tafla 25. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa?** **26**

Tafla 26. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? - bakgrunnsgreining** **27**

Tafla 27. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? – almenn skráning** **28**

Tafla 28. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði?** **28**

Tafla 29. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði? - bakgrunnsgreining** **29**

Tafla 30. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði? – almenn skráning** **30**

Tafla 31. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag?** **30**

Tafla 32. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag? - bakgrunnsgreining** **31**

Tafla 33. **Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag? – almenn skráning** **32**

Tafla 34. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu?** **32**

Tafla 35. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining** **33**

Tafla 36. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? – almenn skráning** **34**

Tafla 37. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar? 34**

Tafla 38. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar? – bakgrunnsgreining 35**

Tafla 39. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar? – almenn skráning 36**

Tafla 40. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? 36**

Tafla 41. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? - bakgrunnsgreining 37**

Tafla 42. **Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? – almenn skráning 38**

Tafla 43. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar? 38**

Tafla 44. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar? - bakgrunnsgreining 39**

Tafla 45. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar? – almenn skráning 40**

Tafla 46. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar? 40**

Tafla 47. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar? - bakgrunnsgreining 41**

Tafla 48. **Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar? – almenn skráning 42**

Tafla 49. **Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði? 42**

Tafla 50. **Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði? - bakgrunnsgreining 43**

Tafla 51. **Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði? – almenn skráning 44**

BAKGRUNNUR VERKEFNIS

Faghópur um samfélagsleg áhrif virkjana (faghópur 3) sem skipaður er af verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar sem unnin er á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins stóð fyrir íbúafundi sem fram fór í Kaffi Krók á Sauðárkróki laugardaginn 30. janúar 2016. Á fundinum ræddu íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi um samfélagsleg áhrif virkjana.

Boðað var til fundarins með þeim hætti að hringt var í alla íbúa sveitarfélaganna 18 ára og eldri sem voru með skráð símanúmer. Við skráningu á fundinn voru íbúar beðnir um að svara nokkrum spurningum um samfélagsleg áhrif virkjana, óháð því hvort þeir samþykktu eða höfnuðu þátttöku á íbúafundi.

Markmið fundarins var að afla gagna fyrir áframhaldandi starf faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana en faghópurinn vinnur að þróun aðferða til að meta umrædd áhrif. Við matið er bæði megindlegum og eigindlegum aðferðum beitt. Íbúafundurinn gagnast að báðu leyti þar sem úrtak íbúa í sveitarfélögunum var spurt nokkurra lokaðra spurninga í síma og um leið boðið að taka þátt í fundinum. Spurningarnar fjölluðu um samfélagsleg áhrif virkjana en stór hluti þeirra upplýsinga sem faghópurinn mun síðan vinna úr eru þær hugmyndir, vonir, áhyggjur og væntingar sem þátttakendur á íbúafundi tjáðu í umræðum. Íbúafundurinn er því liður í grunnvinnu við að þróa aðferðir til að meta samfélagsleg áhrif virkjana og má í því samhengi segja að markmið fundarins hafi verið að afla sem flestra skoðana sem nýtast munu við það starf.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Starfsfólk Félagsvísindastofnunar hafði samband við úrtak 400 íbúa í Skagafirði símleiðis. Þar af voru 380 búsettir í Sveitarfélaginu Skagafirði og 20 í Akrahreppi. Allir íbúar sem náð höfðu 18 ára aldri og náðist í voru spurðir nokkurra spurninga um samfélagsleg áhrif virkjana. Svarhlutfall í spurningakönnun þessari var nokkuð gott, eða 63% (sjá töflu 1) og ættu svörin því að gefa góða mynd af viðhorfum í sveitarfélögunum í heild. Í lok viðtals voru svarendur spurðir hvort þeir vildu taka þátt í íbúafundi þar sem samfélagsleg áhrif virkjana yrðu rædd. Boðun þátttakenda og framkvæmd spurningakönnunar áttu sér stað í vikunni sem fundurinn var haldinn.

Tafla 1. Framkvæmd símakönnunarinnar

Framkvæmdamáti	Símakönnun
Upplýsingasöfnun	23.01.16 - 27.01.16
Fjöldi í úrtaki	400
Fjöldi svarenda	242
Brottfall	13
Svarhlutfall - brúttó	61%
Svarhlutfall - nettó	63%

Fyrirkomulag íbúafundarins byggði að nokkru leyti á hugmyndafræði og aðferðum svokallaðra rökræðukannana (e. deliberative polling). Rökræðukönnun er leið til að kanna viðhorf upplýsts hóps, yfirleitt með það að markmiði að nýta upplýsingarnar við pólitíska stefnumótun. Blandað er saman hefðbundinni skoðanakönnun þar sem viðhorf þátttakenda til þess efnis sem taka á fyrir er kannað áður og eftir að þátttakendur rökræða það. Ekki er gert ráð fyrir því að hópurinn sem tekur þátt í rökræðum komist að sameiginlegri niðurstöðu heldur er megintilgangur rökræðukönnunar að fá traustari þekkingu á raunverulegum viðhorfum, rökum með og á móti og því hvernig viðhorf mótast og breytast við það að ræða um efnið sem kannað er.

Fulltrúum hagsmunaaðila, stofnana og samtaka var ekki boðið til þátttöku eða að halda erindi á fundinum. Starfsmönnum og félagsmönnum þessara aðila var þó frjálst að mæta til fundarins að því gefnu að þeir væru búsettir í sveitarfélaginu. Þessi háttur var hafður á til að skoðanir þátttakenda lituðust ekki af erindum og að þátttakendur upplifðu ekki þrýsting til að tjá tilteknar skoðanir.

Skipulag fundarins var með þeim hætti að Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, setti fundinn og bauð þátttakendur velkomna. Því næst kynnti Jón Ásgeir

Kalmansson, formaður faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana, störf og hlutverk faghópsins. Að því loknu kynnti Magnfríður Júlíusdóttir, fulltrúi í faghópi um samfélagsleg áhrif virkjana, rammaáætlun og þrjár útfærslur af virkjanakostum í Skagafirði, en kynningin byggði á efni sem Orkustofnun hafði útbúið. Lögð var áhersla á að kynningar og fyrirmæli væru ekki skoðanamótandi, heldur lýstu væntanlegum breytingum ef samþykkt yrði að fara í virkjanaframkvæmdir.

Í upphafi fundar hafði fundargestum verið skipt niður í átta umræðuhópa og að loknum kynningum fóru fram umræður í þessum hópum. Umfjöllunarefni íbúafundarins var samfélagsleg áhrif virkjana. Að umræðum loknum stýrði fundarstjóri samantekt þar sem umræðuhóparnir sögðu frá því sem komið hafði fram í umræðum á þeirra borði auk þess sem kostur var gefinn á því að beina spurningum til fulltrúa faghópsins.

Erfitt var að áætla fyrirfram hversu margir þátttakendur af þeim sem skráðir voru á íbúafundinn myndu mæta en 105 þátttakendur voru skráðir á íbúafund þann 30. janúar, þar af 89 úr úrtaksskráningu. Á fundinn mættu hins vegar einungis 13 skráðir þátttakendur úr úrtaksskráningu, eða um 15%. Aðrir þátttakendur skráðu sig sjálfir til þátttöku, sumir fyrirfram en aðrir á íbúafundinum sjálfum. Íbúafundurinn hafði verið auglýstur í héraðsfréttablaði og ljóst er að töluvert margir mættu eftir að hafa séð þá skráningu, en alls tóku 54 þátt í íbúafundinum. Í ljósi þess að mjög lágt hlutfall fundargesta kom úr úrtaksskráningu var ákveðið að skipta borðum ekki eftir skráningu, heldur líta á alla þátttakendur sem einn hóp. Þegar á heildina er litið hefur þessi skekkja í mætingu eftir bakgrunnshópum nokkur áhrif á túlkun niðurstaðna, þar sem ekki er um að ræða þverskurð íbúa. Hvað markmið fundarins varðar skiptir sá munur ekki höfuðmáli, þar sem stefnt var að því að safna sem flestum skoðunum og í því samhengi skiptir bakgrunnur þátttakenda ekki mestu máli. Þar sem stór hluti þátttakenda var ekki skráður fyrirfram er ekki hægt að greina þátttakendur á íbúafundi eftir aldri og sveitarfélagi.

Þeir sem skráðu sig sjálfir til þátttöku á íbúafundinum eru í skýrslunni kallaðir „almennt skráðir“. Þessir einstaklingar voru beðnir um að fylla út spurningalista á netinu og eru niðurstöður úr honum bornar saman við svör úr símakönnuninni. Af þeim sem greindir eru sem almennt skráðir þátttakendur fylltu 16 út spurningalistann fyrir íbúafundinn, en 3 að honum loknum. Almennt skráðir á íbúafundinum voru alls 41.

Mæting þátttakenda var nokkuð ójöfn eftir kynjum, en um þrír af hverjum fjórum þátttakendum voru karlkyns. Sömuleiðis má áætla að meðalaldur þátttakenda á íbúafundinum hafi verið nokkuð hærri en meðalaldur íbúa í sveitarfélögunum, þar sem yngri íbúar voru töluvert ólíklegri til að svara

símakönnun (sbr. tafla 3). Loks má áætla að á mörgum borðum hafi allir þátttakendur verið úr Sveitarfélaginu Skagafirði, enda eru íbúar í því sveitarfélagi töluvert fleiri en íbúar í Akrahreppi.

Tafla 2. Mæting á íbúafund

	Fjöldi - skráðir þátttakendur	Fjöldi þátttakenda á íbúafundi	Fjöldi í þýði	Hlutfall mættra af skráðum - Úrtaksskráning
Alls				
	105	54	3.146	51,4%
Kyn				
Karl	58	40	1.583	69,0%
Kona	47	14	1.563	29,8%
Aldur				
18-29 ára	5	-	650	-
30-44 ára	18	-	690	-
45-59 ára	45	-	838	-
60 ára og eldri	37	-	968	-
Sveitarfélag				
Sveitarfélagið Skagafjörður	101	-	3.005	-
Akrahreppur	4	-	141	-

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, sveitarfélagi og skráningu (þ.e. hvort íbúi samþykkti að mæta á íbúafund og hvort hann mætti á íbúafund). Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Bakgrunnsupplýsingar

Eftirfarandi töflur sýna hlutföll svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir. Eins og sjá má í töflu 3 var svörun ójöfn eftir aldurshópum, þar sem fólk í eldri aldurshópunum var ívið líklegara til að svara en í þeim yngri. Munur á hlutfalli svarenda og hlutfalli í þýði eftir kyni var lítill.

Tafla 3. Bakgrunnsupplýsingar

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	118	48,8%	1.583	50,3%
Kona	124	51,2%	1.563	49,7%
Aldur ***				
18-29 ára	28	11,6%	650	20,7%
30-44 ára	49	20,2%	690	21,9%
45-59 ára	87	36,0%	838	26,6%
60 ára og eldri	78	32,2%	968	30,8%
Sveitarfélag				
Sveitarfélagið Skagafjörður	229	94,6%	3.005	95,5%
Akrahreppur	13	5,4%	141	4,5%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; *$p < 0.05$, **$p < 0.01$, ***$p < 0.001$

NIÐURSTÖÐUR - SPURNINGAKÖNNUN

Svarendur í símakönnun voru spurðir hvort þeir teldu að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á nokkur samfélagsleg atriði. Auk þess var kannað viðhorf þeirra til tveggja virkjanakosta og til samráðs við íbúa í Skagafirði varðandi virkjanamál. Niðurstöður úr svörum við þessum spurningum eiga að gefa góða mynd af skoðunum íbúa í sveitarfélögunum, hvað þessi atriði varðar. Þær gera einnig samanburð á því hvort munur sé á fundargestum á íbúafundi og almennri skoðanadreifingu í sveitarfélaginu og sýna afstöðu íbúa í mismunandi bakgrunnshópum, þ.e. eftir kyni og aldri svaranda. Til að niðurstöður úr skoðanakönnun endurspegli skoðanir í Skagafirði sem best voru niðurstöður vigtaðar eftir kyni, aldri og sveitarfélagi svarenda.

Fyrst voru svarendur beðnir um að taka almenna afstöðu til þess hvort vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á sveitarfélagið þeirra. Í töflu 4 má sjá að um um 70% svarenda töldu áhrifin myndu vera jákvæð, en um fimmtungur taldi að þau myndu vera neikvæð. Íbúar eru því heilt á litið töluvert líklegri til að vera jákvæðir en neikvæðir þegar kemur að mati á áhrifum á sveitarfélag þeirra. Um 15% svarenda völdu svarmöguleikann „veit ekki“ við þessa spurningu. Þessar niðurstöður benda til þess að íbúar á svæðinu telji áhrif vatnsaflsvirkjana að jafnaði vera fremur jákvæð.

Tafla 4. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	51	47	24%	5,9%	24%
Frekar jákvæð áhrif	88	91	46%	6,9%	46%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	23	23	12%	4,5%	12%
Frekar neikvæð áhrif	22	21	11%	4,3%	11%
Mjög neikvæð áhrif	15	15	8%	3,7%	8%
Fjöldi svara	**199**	**197**	**100%**		
Veit ekki	35	38			
Vil ekki svara	8	7			
Alls	**242**	**242**			

Þegar mat á áhrifum á sveitarfélag svarenda er skoðað eftir bakgrunni má sjá að ekki er marktækur munur á bakgrunnshópum, að undanskilinni greiningu eftir kyni. Þar kemur fram að töluvert hærra hlutfall karla (81%) telur áhrif vatnsaflsvirkjana á Skagafjörð vera jákvæð en sambærilegt hlutfall meðal kvenna (56%). Við bakgrunnsgreiningu á gögnum þeim sem safnað var fyrir íbúafund í

Skagafirði kom oft upp það vandamál að greiningin uppfyllti ekki skilyrði *kí*-kvaðrat marktektarprófsins. Þetta vandamál tengist því að væntitíðni fyrir ákveðin gildi, t.d. valmöguleikann „hvorki jákvæð né neikvæð áhrif“ í töflu 5, er of lág í ákveðnum bakgrunnshópum (t.d. meðal þeirra sem mættu á íbúafund eða meðal íbúa Akrahrepps). Sökum þessa uppfyllti bakgrunnsgreining eftir sveitarfélagi svaranda og skráningu á íbúafund ekki skilyrði marktektarprófs í neinum þeim spurningum sem spurt var fyrir íbúafund um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði. Í bakgrunnsgreiningu í töflu 5 og í öðrum töflum hefur marktektarprófið verið endurtekið þar sem búið er að sameina flokkana „mjög“ og „frekar,“ bæði hvað varðar jákvæð áhrif og neikvæð. Úr töflu 5 má því ráða að þrátt fyrir að nokkur munur sé á afstöðu eftir skráningu þá er ekki hægt að fullyrða um hvort sambandið sé tölfræðilega marktækt eða ekki, þar sem of fáir svarendur mættu á íbúafundinn. Sömuleiðis uppfyllir bakgrunnsgreining eftir aldri ekki skilyrði prófisins, en þegar svarmöguleikar hafa verið sameinaðir kemur í ljós að ekki er tölfræðilega marktækur munur á aldurshópum.

Tafla 5. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag? – bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	24%	46%	12%	11%	8%	197	70%
Kyn**							
Karl	33%	48%	8%	7%	5%	109	81%
Kona	13%	43%	17%	16%	11%	88	56%
Aldur *óg(--)*							
18-29 ára	9%	59%	9%	16%	7%	40	68%
30-44 ára	22%	43%	14%	11%	10%	42	65%
45-59 ára	31%	35%	13%	15%	7%	55	66%
60 ára og eldri	28%	50%	11%	4%	7%	60	78%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	24%	47%	11%	10%	7%	186	71%
Akrahreppur	19%	21%	30%	20%	10%	11	40%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	34%	31%	6%	12%	16%	12	65%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	31%	50%	8%	7%	3%	56	82%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	19%	45%	14%	12%	9%	129	65%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meirihluti almennt skráðra þátttakenda taldi að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa neikvæð áhrif á sveitarfélag þeirra.

Tafla 6. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	3	16%	16,4%	16%
Frekar jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	4	21%	18,3%	21%
Frekar neikvæð áhrif	7	37%	21,7%	37%
Mjög neikvæð áhrif	5	26%	19,8%	26%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Svarendur voru inntir eftir mati þeirra á því hvort vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa áhrif á atvinnumöguleika kynjanna (sjá töflur 7-12). Mikill meirihluti svarenda taldi að virkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika karla, eða um 84% (sjá töflu 7). Á hinn bóginn töldu um 4% svarenda að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla.

Tafla 7. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	60	59	27%	5,8%	27%
Frekar jákvæð áhrif	124	126	57%	6,5%	57%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	27	25	11%	4,2%	11%
Frekar neikvæð áhrif	8	8	3%	2,4%	3%
Mjög neikvæð áhrif	2	2	1%	1,4%	1%
Fjöldi svara	**221**	**221**	**100%**		
Veit ekki	18	18			
Vil ekki svara	3	3			
Alls	**242**	**242**			

Munur á afstöðu svarenda til þess hvort áhrif virkjana á atvinnumöguleika karla séu jákvæð eða neikvæð eftir bakgrunni er ekki tölfræðilega marktækur þegar búið er að sameina „mjög“ og „frekar“ valkostina. Fáir svarendur töldu áhrif vatnsaflsvirkjana á atvinnumöguleika karla vera neikvæð og

því uppfyllir bakgrunnsgreining eftir aldri ekki skilyrði marktektarprófsins, en fátt bendir til þess að samband sé milli aldurs og afstöðu til þessa atriðis. Þó eru ákveðnar vísbendingar um að munur sé á mati kynjanna á því hvort áhrifin séu jákvæð, þó hafa beri í huga að um fjórar af hverjum fimm konum töldu þau jákvæð.

Tafla 8. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	27%	57%	11%	3%	1%	221	84%
Kyn *óg(--)*							
Karl	37%	52%	8%	1%	2%	114	89%
Kona	16%	63%	15%	6%	1%	106	78%
Aldur *óg*							
18-29 ára	28%	58%	10%	4%	0%	46	86%
30-44 ára	22%	65%	9%	0%	4%	49	88%
45-59 ára	27%	49%	17%	6%	1%	62	76%
60 ára og eldri	30%	58%	9%	3%	0%	64	87%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	27%	57%	11%	4%	1%	210	84%
Akrahreppur	26%	58%	17%	0%	0%	10	83%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	55%	22%	0%	24%	0%	11	76%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	39%	47%	12%	2%	0%	66	86%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	19%	64%	12%	3%	2%	144	84%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meðal almennt skráðra þátttakenda taldi um fimmtungur svarenda að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika karla og svipað hlutfall taldi áhrifin vera neikvæð. Almennt skráðir þátttakendur voru flestir á því að vatnsaflsvirkjanir myndu hvorki hafa jákvæð né neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla, eða þrír af hverjum fimm.

Tafla 9. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	3	16%	16,4%	16%
Frekar jákvæð áhrif	1	5%	10,0%	5%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	11	58%	22,2%	58%
Frekar neikvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Mjög neikvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Um það bil tveir af hverjum þremur svarendum töldu vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna (sjá töflu 10). Það hlutfall (66%) var nokkuð lægra en hlutfall þeirra sem töldu áhrifin vera jákvæð á atvinnumöguleika karla, en svarmöguleikinn „frekar jákvæð áhrif“ var áberandi oftast notaður til að lýsa áhrifum á atvinnumöguleika beggja kynja. Munur á mati á atvinnumöguleikum kynjanna skýrist því að mestu á því að hærra hlutfall (26%) taldi virkjanir hvorki hafa neikvæð né jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna.

Tafla 10. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	32	28	13%	4,5%	13%
Frekar jákvæð áhrif	111	115	53%	6,7%	53%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	56	57	26%	5,9%	26%
Frekar neikvæð áhrif	15	15	7%	3,4%	7%
Mjög neikvæð áhrif	1	1	0%	0,8%	0%
Fjöldi svara	**215**	**215**	**100%**		
Veit ekki	24	24			
Vil ekki svara	3	3			
Alls	**242**	**242**			

Karlar (78%) voru mun líklegri til að telja virkjanir hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna en konur sjálfar (52%). Þeir sem skráðu sig á íbúafund en mættu ekki töldu áhrifin á atvinnumöguleika kvenna vera jákvæðari en þeir sem mættu til fundarins og þeir sem neituðu þátttöku á honum, þó

sú bakgrunnsgreining uppfylli ekki skilyrði marktektarprófsins. Ekki var marktækur munur á afstöðu eftir aldurshópum (sjá töflu 11).

Tafla 11. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	13%	53%	26%	7%	0%	215	66%
Kyn *óg(***)*							
Karl	19%	59%	19%	3%	0%	116	78%
Kona	6%	47%	35%	12%	1%	99	52%
Aldur *óg*							
18-29 ára	8%	65%	18%	8%	0%	46	73%
30-44 ára	10%	54%	35%	1%	0%	47	64%
45-59 ára	17%	44%	29%	8%	1%	60	61%
60 ára og eldri	15%	53%	24%	8%	0%	62	68%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	13%	53%	26%	7%	0%	205	66%
Akrahreppur	6%	61%	29%	5%	0%	10	67%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	20%	41%	22%	17%	0%	11	61%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	19%	56%	22%	4%	0%	66	74%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	10%	53%	29%	7%	1%	139	63%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Um helmingur almennt skráðra þátttakenda taldi virkjanir hafa neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna en jafnframt var stór hluti almennt skráðra þátttakenda sem taldi áhrifin hvorki verða jákvæð né neikvæð.

Tafla 12. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Frekar jákvæð áhrif	1	5%	10,0%	5%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	7	37%	21,7%	37%
Frekar neikvæð áhrif	6	32%	20,9%	32%
Mjög neikvæð áhrif	3	16%	16,4%	16%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Þá voru svarendur beðnir að meta hvort virkjanir myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu. Um tveir af hverjum þremur svarendum töldu að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa jákvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu en um tíundi hver svarandi taldi áhrifin vera neikvæð.

Tafla 13. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	43	39	18%	5,1%	18%
Frekar jákvæð áhrif	100	104	48%	6,7%	48%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	56	56	26%	5,8%	26%
Frekar neikvæð áhrif	13	15	7%	3,4%	7%
Mjög neikvæð áhrif	4	4	2%	1,7%	2%
Fjöldi svara	**216**	**217**	**100%**		
Veit ekki	23	23			
Vil ekki svara	3	2			
Alls	**242**	**242**			

Karlar voru líklegri en konur til að telja vatnsaflsvirkjanir hafa jákvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélagi sínu. Aðrar bakgrunnsgreiningar uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs.

Svo virðist sem ekki sé mikill munur milli bakgrunnshópa annar en sá að svarendur í Akrahreppi voru ólíklegri til að telja áhrifin jákvæð en svarendur í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Tafla 14. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	18%	48%	26%	7%	2%	217	66%
Kyn *óg(*)*							
Karl	25%	48%	22%	4%	1%	114	73%
Kona	10%	48%	29%	10%	3%	103	58%
Aldur *óg*							
18-29 ára	8%	56%	24%	10%	2%	46	64%
30-44 ára	17%	48%	25%	10%	0%	50	65%
45-59 ára	24%	35%	34%	5%	1%	56	59%
60 ára og eldri	21%	53%	20%	3%	3%	64	74%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	19%	49%	25%	7%	1%	207	67%
Akrahreppur	6%	32%	46%	6%	11%	10	38%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	30%	30%	24%	16%	0%	11	59%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	19%	48%	30%	1%	2%	66	67%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	17%	49%	24%	9%	2%	140	66%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meirihluti almennt skráðra þátttakenda á íbúafundinum taldi að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu (sjá töflu 15).

Tafla 15. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Frekar jákvæð áhrif	1	5%	10,0%	5%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	5	26%	19,8%	26%
Frekar neikvæð áhrif	4	21%	18,3%	21%
Mjög neikvæð áhrif	7	37%	21,7%	37%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Tæpur helmingur svarenda (45%) taldi að virkjanir myndu hafa mjög eða frekar neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna, en 39% töldu að áhrifin myndu vera jákvæð. Hóparnir sem töldu áhrifin jákvæð og neikvæð voru því álíka stórir, en fáir svarendur töldu að áhrif á samstöðu íbúa yrðu mjög jákvæð eða mjög neikvæð. Þá völdu um 17% svarenda valmöguleikann „veit ekki“ þegar spurt var um þetta atriði, sem bendir til þess að margir hafi átt erfitt með að svara þessari spurningu.

Tafla 16. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	11	11	6%	3,2%	6%
Frekar jákvæð áhrif	57	60	31%	6,5%	31%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	37	34	18%	5,4%	18%
Frekar neikvæð áhrif	68	66	35%	6,7%	35%
Mjög neikvæð áhrif	21	20	11%	4,3%	11%
Fjöldi svara	**194**	**191**	**100%**		
Veit ekki	42	45			
Vil ekki svara	5	5			
Alls	**241**	**241**			

Marktækur munur var á svörum kynjanna varðandi það hvort svarendur telji vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna að því leyti að karlar eru líklegri en konur til að telja að áhrifin yrðu mjög jákvæð, en konur eru líklegri en karlar til að telja að þau yrðu mjög neikvæð. Sá munur hverfur þó þegar svarmöguleikarnir „mjög“ og „frekar“

eru sameinaðir. Aðrar bakgrunnsgreiningar leiddu ekki í ljós marktækan mun á hópum eða uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs (sjá töflu 17).

Tafla 17. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	6%	31%	18%	35%	11%	191	37%
Kyn *(--)							
Karl	9%	33%	18%	35%	5%	110	42%
Kona	1%	30%	17%	35%	18%	81	31%
Aldur óg(--)							
18-29 ára	0%	45%	20%	22%	13%	37	45%
30-44 ára	4%	30%	18%	42%	7%	45	34%
45-59 ára	8%	21%	23%	35%	13%	53	29%
60 ára og eldri	8%	34%	11%	37%	10%	57	42%
Sveitarfélag óg							
Sveitarfélagið Skagafjörður	5%	32%	18%	35%	10%	180	37%
Akrahreppur	19%	24%	15%	27%	14%	11	44%
Skráning óg							
Mætti á íbúafund	0%	33%	24%	43%	0%	10	33%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	3%	37%	19%	32%	9%	56	39%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	7%	29%	16%	35%	12%	124	36%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meirihluti almennt skráðra þátttakenda taldi að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna. Einn svarandi taldi að áhrifin yrðu jákvæð.

Tafla 18. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Frekar jákvæð áhrif	1	5%	10,0%	5%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	5	26%	19,8%	26%
Frekar neikvæð áhrif	6	32%	20,9%	32%
Mjög neikvæð áhrif	7	37%	21,7%	37%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Spurt var um áhrif vantsaflsvirkjana á náttúru Skagafjarðar og taldi meira en helmingur íbúa (58%) að þau yrðu neikvæð (sjá töflu 19). Á hinn bóginn taldi um fimmti hver íbúi að áhrif vatnsaflsvirkjana á náttúru Skagafjarðar yrðu jákvæð. Því virðist ljóst að áhrif á náttúru eru þau áhrif sem íbúar Skagafjarðar telja neikvæðust við vatnsaflsvirkjanir, en önnur áhrif telur meirihluti svarenda að yrðu jákvæð eða þá að svipaður hluti svarenda metur að þau yrðu jákvæð og neikvæð.

Tafla 19. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	10	10	5%	3,0%	5%
Frekar jákvæð áhrif	27	26	13%	4,6%	13%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	52	47	24%	5,9%	24%
Frekar neikvæð áhrif	65	70	35%	6,6%	35%
Mjög neikvæð áhrif	48	46	23%	5,8%	23%
Fjöldi svara	**202**	**200**	**100%**		
Veit ekki	29	29			
Vil ekki svara	10	12			
Alls	**241**	**241**			

Konur voru töluvert líklegri en karlar til að telja að áhrif vatnsaflsvirkjana á náttúru Skagafjarðar yrðu neikvæð en 71% kvenna taldi að áhrifin yrðu neikvæð samanborið við 46% karla. Munur á aldurshópum var ekki tölfræðilega marktækur, en var þó nálægt því þar sem svarendur yngri en 45 ára voru nokkuð líklegri til að telja að áhrif á náttúru Skagafjarðar yrðu neikvæð en þeir sem eldri voru. Bakgrunnsgreining eftir skráningu á íbúafund uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs, en hærra hlutfall þeirra sem neituðu þátttöku á íbúafundi töldu áhrifin vera neikvæð en hlutfall þeirra sem skráðu sig á íbúafund.

Tafla 20. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	5%	13%	24%	35%	23%	200	18%
Kyn**							
Karl	10%	16%	28%	30%	16%	105	25%
Kona	0%	10%	19%	40%	31%	95	10%
Aldur *óg(--)*							
18-29 ára	9%	9%	17%	40%	26%	42	17%
30-44 ára	0%	6%	18%	52%	24%	41	6%
45-59 ára	4%	17%	28%	29%	22%	59	21%
60 ára og eldri	8%	17%	28%	25%	22%	57	24%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	5%	13%	24%	35%	23%	189	18%
Akrahreppur	0%	19%	17%	39%	26%	11	19%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	16%	0%	42%	12%	30%	11	16%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	3%	23%	26%	30%	18%	52	26%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	5%	10%	21%	39%	25%	136	15%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Til samanburðar töldu fjórir af hverjum fimm almennt skráðum þátttakendum að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar. Hátt hlutfall þeirra sagði að áhrifin yrðu mjög neikvæð.

Tafla 21. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skagafjarðar? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Frekar jákvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	2	11%	13,8%	11%
Frekar neikvæð áhrif	3	16%	16,4%	16%
Mjög neikvæð áhrif	12	63%	21,7%	63%
Fjöldi svara	**19**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Mikill meirihluti, eða um 80% svarenda, taldi að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélags síns. Hins vegar töldu einungis um 7% að þær myndu hafa neikvæð áhrif á tekjur sveitarfélagsins í framtíðinni og því virðist mikill meirihluti íbúa telja að sveitarfélagið sjálft myndi græða á því að virkjanir yrðu reistar.

Tafla 22. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	52	51	24%	5,7%	24%
Frekar jákvæð áhrif	122	119	56%	6,6%	56%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	29	28	13%	4,5%	13%
Frekar neikvæð áhrif	13	12	6%	3,1%	6%
Mjög neikvæð áhrif	2	2	1%	1,2%	1%
Fjöldi svara	**218**	**212**	**100%**		
Veit ekki	21	27			
Vil ekki svara	2	3			
Alls	**241**	**241**			

Ekki var marktækur munur afstöðu kynjanna til þess hvort vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði hefðu jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins. Líkt og áður hefur verið greint frá er erfitt að uppfylla skilyrði marktektarprófs þegar dreifing svara er mjög ójöfn eftir svarmöguleikum. Þetta á við um spurninguna um áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins, þar sem fáir telja að vatnsaflsvirkjanir hafi neikvæð áhrif á þann lið. Því dugar ekki að sameina svarmöguleikana „frekar“ og „mjög“ við bakgrunnsgreiningu eftir aldri, sveitarfélagi og skráningu á íbúafund.

Tafla 23. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	24%	56%	13%	6%	1%	212	80%
Kyn *óg(--)*							
Karl	34%	51%	10%	4%	1%	112	85%
Kona	12%	63%	17%	7%	1%	100	75%
Aldur *óg*							
18-29 ára	14%	62%	17%	7%	0%	39	76%
30-44 ára	28%	58%	12%	2%	0%	45	86%
45-59 ára	23%	57%	13%	6%	1%	62	80%
60 ára og eldri	27%	51%	13%	7%	2%	66	78%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	24%	57%	12%	6%	1%	201	81%
Akrahreppur	24%	39%	31%	6%	0%	11	63%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	22%	44%	9%	14%	11%	10	66%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	28%	60%	7%	4%	1%	67	88%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	22%	55%	17%	6%	0%	135	77%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Skiptar skoðanir voru meðal almennt skráðra þátttakenda um áhrif vatnsaflsvirkjana í Skagafirði á framtíðartekjur sveitarfélagsins en flestir þeirra sem svöruðu spurningakönnuninni töldu að áhrif virkjana yrðu hvorki jákvæð né neikvæð.

Tafla 24. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	3	17%	17,2%	17%
Frekar jákvæð áhrif	2	11%	14,5%	11%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	7	39%	22,5%	39%
Frekar neikvæð áhrif	3	17%	17,2%	17%
Mjög neikvæð áhrif	3	17%	17,2%	17%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
Alls	**19**			

Íbúar í Skagafirði voru spurðir hvort þeir teldu að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu þeirra. Svör dreifðust ekki mikið á milli svarmöguleika, en 57% töldu að áhrifin yrðu hvorki jákvæð né neikvæð auk þess sem 22% svarenda völdu svarmöguleikann „veit ekki“, svo áætla má að nokkuð stór hluti íbúa hafi ekki séð tengingu milli virkjana og heilsufars. Hins vegar er fróðlegt að um 30% telji að áhrifin myndu vera jákvæð og um 13% neikvæð, sem þýðir að nokkuð stór hluti íbúa telur vera tengingu milli vatnsaflsvirkjana og heilsufars.

Tafla 25. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	12	11	6%	3,4%	6%
Frekar jákvæð áhrif	49	44	24%	6,1%	24%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	103	105	57%	7,1%	57%
Frekar neikvæð áhrif	20	19	10%	4,3%	10%
Mjög neikvæð áhrif	5	6	3%	2,5%	3%
Fjöldi svara	**189**	**185**	**100%**		
Veit ekki	50	53			
Vil ekki svara	2	3			
Alls	**241**	**241**			

Þegar spurningin um heilsufar er skoðuð eftir bakgrunni kemur í ljós að ekki er marktækur munur eftir hópum, þegar búið er að sameina „mjög“ og „frekar“ valmöguleikana. Bakgrunnsgreiningar eftir skráningu á íbúafund og eftir sveitarfélagi uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs.

Tafla 26. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	6%	24%	57%	10%	3%	185	30%
Kyn *óg(--)*							
Karl	8%	25%	57%	7%	3%	100	33%
Kona	3%	23%	57%	14%	3%	85	26%
Aldur *óg(--)*							
18-29 ára	5%	10%	68%	12%	5%	37	15%
30-44 ára	0%	31%	59%	4%	7%	40	31%
45-59 ára	5%	25%	56%	12%	1%	54	31%
60 ára og eldri	12%	27%	49%	11%	2%	55	39%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	6%	24%	56%	10%	3%	178	31%
Akrahreppur	0%	14%	79%	8%	0%	8	14%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	0%	20%	69%	10%	0%	7	20%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	4%	27%	64%	4%	1%	61	31%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	8%	23%	52%	13%	4%	117	30%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Almennt skráðir þátttakendur voru líklegri til að telja að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa, eða um helmingur almennt skráðra. Um tveir af hverjum fimm almennt skráðra töldu hins vegar að áhrifin myndu hvorki vera jákvæð né neikvæð.

Tafla 27. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Frekar jákvæð áhrif	2	12%	15,3%	12%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	7	41%	23,4%	41%
Frekar neikvæð áhrif	5	29%	21,7%	29%
Mjög neikvæð áhrif	3	18%	18,1%	18%
Fjöldi svara	**17**	**100%**		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
Alls	**19**			

Svarendur voru beðnir um að meta hvort vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði. Um þrír af hverjum fjórum svarendum töldu að virkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi, sem var töluvert hærra en hlutfall þeirra sem taldi að áhrifin myndu vera neikvæð, en um tíundi hver svarandi taldi svo vera.

Tafla 28. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	52	52	24%	5,8%	24%
Frekar jákvæð áhrif	110	108	51%	6,7%	51%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	28	28	13%	4,6%	13%
Frekar neikvæð áhrif	16	18	9%	3,8%	9%
Mjög neikvæð áhrif	6	6	3%	2,2%	3%
Fjöldi svara	**212**	**211**	**100%**		
Veit ekki	24	26			
Vil ekki svara	5	4			
Alls	**241**	**241**			

Karlar voru töluvert líklegri en konur til að telja að áhrif vatnsaflsvirkjana á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði yrðu jákvæð. Hins vegar mældist ekki marktækur munur eftir aldurshópum og aðrar bakgrunnsgreiningar uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs þó íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði virðist aðeins líklegri til að telja að áhrifin yrðu jákvæð en íbúar Akrahrepps.

Tafla 29. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	24%	51%	13%	9%	3%	211	76%
Kyn *óg(***)*							
Karl	36%	51%	8%	3%	1%	114	87%
Kona	11%	51%	19%	15%	4%	98	62%
Aldur *óg(--)*							
18-29 ára	20%	48%	17%	13%	2%	44	68%
30-44 ára	26%	49%	14%	10%	0%	45	76%
45-59 ára	25%	55%	14%	4%	3%	57	80%
60 ára og eldri	25%	52%	10%	8%	5%	64	77%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	25%	51%	12%	9%	2%	200	77%
Akrahreppur	5%	54%	27%	4%	10%	11	59%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	28%	50%	7%	6%	9%	12	77%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	24%	55%	11%	7%	3%	65	79%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	25%	49%	15%	9%	2%	135	74%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Einn af hverjum fjórum almennt skráðum þátttakendum taldi að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa jákvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi en um helmingur taldi að áhrifin yrðu neikvæð.

Tafla 30. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi í Skagafirði? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	2	12%	15,3%	12%
Frekar jákvæð áhrif	2	12%	15,3%	12%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	5	29%	21,7%	29%
Frekar neikvæð áhrif	3	18%	18,1%	18%
Mjög neikvæð áhrif	5	29%	21,7%	29%
Fjöldi svara	**17**	**100%**		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
Alls	**19**			

Svarendur voru einnig beðnir um að meta áhrif vatnsaflsvirkjana í Skagafirði á íslenskt samfélag. Svarendur töldu að jafnaði að áhrifin yrðu jákvæð á íslenskt samfélag, en 63% svarenda töldu að áhrifin yrðu mjög eða frekar jákvæð. Til samanburðar töldu 15% svarenda að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa neikvæð áhrif á íslenskt samfélag.

Tafla 31. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	33	33	17%	5,2%	17%
Frekar jákvæð áhrif	93	91	46%	6,9%	46%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	44	45	23%	5,8%	23%
Frekar neikvæð áhrif	26	24	12%	4,5%	12%
Mjög neikvæð áhrif	5	5	3%	2,2%	3%
Fjöldi svara	**201**	**198**	**100%**		
Veit ekki	34	36			
Vil ekki svara	5	5			
Alls	**240**	**240**			

Karlar voru líklegri en konur til að telja að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði hefðu jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, en um þriðji hver karlkyns svarandi taldi svo verða samanborið við um annan hvern kvenkyns svaranda. Konur voru líklegri til að telja að virkjanirnar hefðu hvorki jákvæð né neikvæð áhrif eða frekar neikvæð áhrif en karlar. Ekki mældist marktækur munur eftir aldurshópum og aðrar bakgrunnsgreiningar uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs.

Tafla 32. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	17%	46%	23%	12%	3%	198	63%
Kyn *óg(**)*							
Karl	24%	48%	18%	8%	2%	109	72%
Kona	8%	43%	28%	18%	3%	89	51%
Aldur *óg(--)*							
18-29 ára	13%	46%	27%	11%	3%	41	59%
30-44 ára	17%	33%	28%	16%	6%	42	50%
45-59 ára	12%	47%	26%	14%	1%	56	59%
60 ára og eldri	24%	54%	12%	9%	1%	60	78%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	18%	46%	21%	13%	2%	188	64%
Akrahreppur	0%	41%	43%	6%	10%	11	41%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	21%	50%	0%	28%	0%	12	72%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	23%	45%	19%	9%	3%	62	68%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	13%	46%	26%	12%	3%	125	59%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Um helmingur almennt skráðra þátttakenda taldi að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði myndu hafa neikvæð áhrif á íslenskt samfélag. Svipað hlutfall taldi áhrifin hvorki verða jákvæð né neikvæð.

Tafla 33. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á íslenskt samfélag? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	1	6%	11,2%	6%
Frekar jákvæð áhrif	1	6%	11,2%	6%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	7	41%	23,4%	41%
Frekar neikvæð áhrif	3	18%	18,1%	18%
Mjög neikvæð áhrif	5	29%	21,7%	29%
Fjöldi svara	**17**	**100%**		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
Alls	**19**			

Þá var spurt þriggja spurninga sem tengdust því hvernig nýta ætti orku sem virkjuð væri í Skagafirði. Sú fyrsta sneri að því hvort það hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu svarenda ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélagi svarenda. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi en 86% svarenda töldu að það myndi hafa jákvæð áhrif á afstöðu þeirra til byggingar virkjana í hreppnum. Um 4% svarenda taldi á hinn bóginn að það hefði neikvæð áhrif á afstöðu sína ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu.

Tafla 34. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	97	98	43%	6,4%	43%
Frekar jákvæð áhrif	99	97	43%	6,4%	43%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	23	22	10%	3,9%	10%
Frekar neikvæð áhrif	6	7	3%	2,2%	3%
Mjög neikvæð áhrif	2	3	1%	1,4%	1%
Fjöldi svara	**227**	**227**	**100%**		
Veit ekki	10	11			
Vil ekki svara	3	3			
Alls	**240**	**240**			

Nokkur munur var á því hvort afstaða myndi verða jákvæðari ef orkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélagi svarenda eftir kyni. Karlar voru töluvert líklegri til að telja þetta hafa mjög jákvæð áhrif á afstöðu sína en konur líklegri til að telja áhrifin frekar jákvæð. Sömuleiðis voru konur líklegri en karlar til að telja að áhrifin yrðu hvorki jákvæð né neikvæð. Sökum þess hve lítið skoðanir íbúa í Skagafirði dreifðust á mismunandi valmöguleika í þessari spurningu reyndist erfitt að uppfylla skilyrði marktektarprófs við bakgrunnsgreiningar eftir aldri, sveitarfélagi og skráningu en fátt bendir til að mikill munur sé á svörum eftir þessum bakgrunnsbreytum.

Tafla 35. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	43%	43%	10%	3%	1%	227	86%
Kyn *óg(*)*							
Karl	61%	30%	5%	3%	1%	119	91%
Kona	23%	57%	16%	3%	2%	107	80%
Aldur *óg*							
18-29 ára	31%	46%	14%	5%	4%	48	77%
30-44 ára	45%	44%	7%	4%	0%	49	90%
45-59 ára	44%	42%	13%	1%	0%	62	86%
60 ára og eldri	50%	39%	6%	3%	1%	67	90%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	43%	43%	10%	3%	1%	216	86%
Akrahreppur	46%	38%	11%	6%	0%	10	83%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	53%	47%	0%	0%	0%	12	100%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	56%	35%	7%	0%	1%	68	91%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	36%	46%	12%	5%	1%	146	82%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Nýting raforkunnar í Skagafirði myndi hafa jákvæð áhrif á afstöðu um helmings almennt skráðra þátttakenda. Jafn margir töldu það hins vegar hvorki myndi hafa jákvæð né neikvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 36. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	4	22%	19,2%	22%
Frekar jákvæð áhrif	4	22%	19,2%	22%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	8	44%	23,0%	44%
Frekar neikvæð áhrif	1	6%	10,6%	6%
Mjög neikvæð áhrif	1	6%	10,6%	6%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Önnur spurning um nýtingu raforku sem yrði framleidd í vatnsaflsvirkjunum í Skagafirði laut að því að kanna afstöðu svarenda til þess að orkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar (sjá töflu 37). Nokkuð færri svarendur töldu að það hefði jákvæð áhrif á afstöðu sína að orkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar annars staðar á Íslandi en í Skagafirði (45%) en ef hún yrði nýtt innan Skagafjarðar (86%). Þó voru fleiri sem töldu það hafa jákvæð áhrif á afstöðu sína ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar (45%) en þeir sem töldu það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína (37%).

Tafla 37. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	23	24	11%	4,1%	11%
Frekar jákvæð áhrif	77	75	34%	6,3%	34%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	41	40	18%	5,1%	18%
Frekar neikvæð áhrif	51	52	24%	5,6%	24%
Mjög neikvæð áhrif	28	28	13%	4,4%	13%
Fjöldi svara	**220**	**220**	**100%**		
Veit ekki	14	15			
Vil ekki svara	6	5			
Alls	**240**	**240**			

Ekki var munur á því hvort það hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu svarenda ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar eftir aldri eða kyni. Bakgrunnsgreining eftir sveitarfélagi og skráningu uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs, en þó virðast íbúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þeir sem skráðu sig á íbúafund en mættu ekki vera líklegri til að telja það hafa jákvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 38. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar? – bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	11%	34%	18%	24%	13%	220	45%
Kyn							
Karl	12%	36%	15%	23%	15%	120	48%
Kona	10%	32%	22%	25%	11%	99	42%
Aldur							
18-29 ára	20%	24%	20%	28%	8%	46	44%
30-44 ára	3%	44%	17%	25%	11%	50	47%
45-59 ára	8%	36%	23%	24%	10%	61	44%
60 ára og eldri	13%	32%	14%	20%	21%	63	45%
Sveitarfélag [óg]							
Sveitarfélagið Skagafjörður	12%	34%	19%	23%	12%	210	46%
Akrahreppur	0%	32%	0%	39%	29%	10	32%
Skráning [óg]							
Mætti á íbúafund	10%	30%	31%	7%	21%	11	40%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	19%	42%	12%	18%	10%	68	61%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	8%	30%	20%	28%	14%	141	38%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meirihluti almennt skráðra þátttakenda taldi það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína til byggingar virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar (sjá töflu 39). Þriðjungur almennt skráðra taldi það hvorki hafa jákvæð né neikvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 39. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Íslandi utan Skagafjarðar? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Frekar jákvæð áhrif	1	6%	10,6%	6%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	6	33%	21,8%	33%
Frekar neikvæð áhrif	6	33%	21,8%	33%
Mjög neikvæð áhrif	5	28%	20,7%	28%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Þriðja spurningin um nýtingu raforku laut að áhrifum þess að orkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju á afstöðu svarenda til byggingar virkjana í sveitarfélaginu. Svo virðist sem sá valkostur sé töluvert óvinsælli, en um helmingur svarenda taldi það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína til byggingar virkjana. Á hinn bóginn taldi um þriðji hver svarandi að það hefði jákvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 40. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	14	12	6%	3,2%	6%
Frekar jákvæð áhrif	53	58	28%	6,2%	28%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	35	35	17%	5,2%	17%
Frekar neikvæð áhrif	43	43	21%	5,6%	21%
Mjög neikvæð áhrif	59	57	28%	6,1%	28%
Fjöldi svara	**204**	**206**	**100%**		
Veit ekki	25	24			
Vil ekki svara	11	11			
Alls	**240**	**240**			

Þegar afstaða til virkjana ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju er skoðuð eftir bakgrunnshópum má sjá nokkuð skýran mun á afstöðu kynjanna, en ekki mældist marktækur munur eftir aldri og skráningu á íbúafundinn (sjá töflu 41). Svo virðist sem afstaða kvenna til byggingar virkjana sé mun neikvæðari ef orkan er seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju, en um 60% kvenna í sveitarfélaginu taldi það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína. Sambærileg tala fyrir karla var 39% og munar þar um að karlar eru töluvert líklegri til að telja það hafa frekar jákvæð áhrif á afstöðu sína að orkan væri seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju. Ekki reyndist marktækur munur eftir aldri og bakgrunnsgreiningar eftir sveitarfélagi og skráningu uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs.

Tafla 41. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	6%	28%	17%	21%	28%	206	34%
Kyn $^{**(***)}$							
Karl	9%	37%	14%	16%	23%	112	46%
Kona	2%	18%	21%	27%	33%	94	20%
Aldur $^{óg(--)}$							
18-29 ára	4%	29%	25%	17%	25%	44	33%
30-44 ára	0%	36%	16%	27%	21%	45	36%
45-59 ára	9%	30%	17%	20%	24%	56	39%
60 ára og eldri	9%	21%	12%	21%	38%	60	29%
Sveitarfélag ^{óg}							
Sveitarfélagið Skagafjörður	6%	28%	17%	21%	27%	195	34%
Akrahreppur	0%	35%	12%	16%	38%	10	35%
Skráning ^{óg}							
Mætti á íbúafund	6%	28%	22%	6%	38%	12	34%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	11%	34%	13%	18%	24%	60	45%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	4%	26%	19%	24%	28%	135	29%



Marktækur munur er á hópum; $*p < 0{,}05$, $**p < 0{,}01$, $***p < 0{,}001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Til samanburðar töldu níu af hverjum tíu almennt skráðum þátttakendum að nýting raforkunnar í stóriðju myndi hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína til byggingar virkjana. Þar af taldi stór hluti það hafa mjög neikvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 42. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til bygginga virkjana í Skagafirði ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	0	0%	0,0%	0%
Frekar jákvæð áhrif	1	6%	10,6%	6%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	1	6%	10,6%	6%
Frekar neikvæð áhrif	3	17%	17,2%	17%
Mjög neikvæð áhrif	13	72%	20,7%	72%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Svarendur voru inntir eftir því hvort þeir væru hlynntir eða andvígir tveimur virkjanakostum innan sveitarfélagsins sem eru til umfjöllunar hjá þriðja áfanga rammaáætlunar, annars vegar Villinganesvirkjun og hins vegar Skatastaðavirkjun. Afstaða svarenda til Villinganesvirkjunar var nokkuð dreifð, en 41% svarenda voru hlynntir byggingu virkjunarinnar og 38% voru andvígir. Vert er að taka fram að 12% svarenda þekktu ekki virkjunarkostinn og að svipað hlutfall gaf ekki upp afstöðu sína.

Tafla 43. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	30	30	16%	5,1%	16%
Frekar hlynnt(ur)	50	48	25%	6,1%	25%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	37	41	21%	5,8%	21%
Frekar andvíg(ur)	35	35	18%	5,5%	18%
Mjög andvíg(ur)	41	38	20%	5,6%	20%
Fjöldi svara	**193**	**193**	**100%**		
Þekki ekki virkjunarkostinn	26	28			
Veit ekki	12	11			
Vil ekki svara	9	9			
Alls	**240**	**240**			

Þegar afstaða svarenda til byggingar Villinganesvirkjunar er skoðuð eftir bakgrunni kemur í ljós að töluverður munur er á afstöðu kynjanna til virkjunarinnar. Um helmingur karla var hlynntur byggingu virkjunarinnar en einungis fjórðungur kvenna. Hlutföllin snúast við þegar skoðanir þeirra sem eru andvígir eru skoðaðar en rúmur helmingur kvenna var andvígur byggingu virkjunarinnar samanborið við um fjórðung karla. Ekki er marktækur munur á aldurshópum, en litlu munar að munurinn sé marktækur þar sem eldri aldurshóparnir eru ívið jákvæðari en þeir yngri.

Tafla 44. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar? - bakgrunnsgreining

	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Fjöldi svara	Mjög eða frekar hlynnt(ur)
Heild	16%	25%	21%	18%	20%	193	41%
Kyn**							
Karl	22%	30%	20%	12%	15%	101	53%
Kona	8%	19%	23%	25%	24%	91	27%
Aldur							
18-29 ára	14%	19%	38%	20%	9%	39	33%
30-44 ára	4%	28%	23%	21%	24%	40	32%
45-59 ára	15%	28%	18%	18%	22%	54	43%
60 ára og eldri	25%	24%	13%	17%	21%	60	49%
Sveitarfélag óg							
Sveitarfélagið Skagafjörður	15%	26%	22%	18%	18%	182	41%
Akrahreppur	19%	11%	5%	23%	41%	11	30%
Skráning óg							
Mætti á íbúafund	28%	22%	13%	6%	32%	12	50%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	14%	36%	17%	16%	17%	55	50%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	15%	20%	24%	21%	20%	126	35%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meðal almennt skráðra þátttakenda sagðist mikill meirihluti vera andvígur byggingu Villinganes-virkjunar.

Tafla 45. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Villinganesvirkjunar? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	1	6%	10,6%	6%
Frekar hlynnt(ur)	1	6%	10,6%	6%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	0	0%	0,0%	0%
Frekar andvíg(ur)	5	28%	20,7%	28%
Mjög andvíg(ur)	11	61%	22,5%	61%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Einnig var könnuð afstaða svarenda til byggingar Skatastaðavirkjunar og voru þær niðurstöður mjög áþekkar niðurstöðum fyrir Villinganesvirkjun. Svör dreifðust nokkuð jafnt á svarmöguleikana fimm. Um tveir af hverjum fimm svarendum voru hlynntir byggingu virkjunarinnar og hlutfall þeirra sem voru andvígir var svipað en þó ívið lægra. Þó ber að huga að vikmörk hlutfalls þeirra sem eru hlynntir skarast við vikmörk þeirra sem eru andvígir og því er ekki hægt að fullyrða með vissu að fleiri séu hlynntir byggingu virkjunarinnar en andvígir.

Tafla 46. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	30	30	17%	5,5%	17%
Frekar hlynnt(ur)	47	41	23%	6,2%	23%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	38	43	24%	6,3%	24%
Frekar andvíg(ur)	28	33	19%	5,7%	19%
Mjög andvíg(ur)	35	31	18%	5,6%	18%
Fjöldi svara	**178**	**177**	**100%**		
Þekki ekki virkjunarkostinn	41	43			
Veit ekki	13	13			
Vil ekki svara	8	7			
Alls	**240**	**240**			

Aftur kom fram munur á kynjunum en rúmlega helmingur karla var hlynntur byggingu Skatastaðavirkjunar, en um fjórðungur andvígur (sjá töflu 47). Hins vegar var um fjórðungur kvenna hlynntur byggingu virkjunarinnar og tæplega helmingur andvígur. Nokkur munur kom einnig fram á afstöðu aldurshópa en hlutfallslega fæstir í yngsta aldurshópnum voru hlynntir byggingu virkjunarinnar, að hluta vegna þess að tæpur helmingur svarenda í þeim aldurshópi var hvorki hlynntur né andvígur. Á hinn bóginn voru svarendur í elsta aldurshópnum og þeir sem voru á aldursbilinu 45-59 ára álíka líklegir til að vera hlynntir, eða um helmingur svarenda í hvorum aldurshópi. Aðrar bakgrunnsgreiningar uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs.

Tafla 47. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar? - bakgrunnsgreining

	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Fjöldi svara	Mjög eða frekar hlynnt(ur)
Heild	17%	23%	24%	19%	18%	177	40%
Kyn							
Karl	25%	28%	20%	11%	15%	93	54%
Kona	7%	17%	28%	27%	20%	84	24%
Aldur *(**)*							
18-29 ára	10%	5%	45%	31%	10%	37	15%
30-44 ára	10%	30%	26%	19%	16%	35	39%
45-59 ára	19%	31%	17%	14%	19%	51	50%
60 ára og eldri	24%	23%	15%	15%	23%	54	47%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	17%	23%	25%	19%	17%	166	39%
Akrahreppur	19%	29%	5%	16%	31%	11	48%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	28%	37%	6%	6%	23%	12	65%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	19%	32%	17%	14%	18%	55	51%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	14%	17%	29%	22%	17%	111	31%



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Tveir af hverjum þremur almennt skráðum þátttakendum voru andvígir byggingu Skatastaðavirkjunar en rúmlega fjórðungur þeirra var hlynntur.

Tafla 48. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Skatastaðavirkjunar? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	2	11%	14,5%	11%
Frekar hlynnt(ur)	3	17%	17,2%	17%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	1	6%	10,6%	6%
Frekar andvíg(ur)	3	17%	17,2%	17%
Mjög andvíg(ur)	9	50%	23,1%	50%
Fjöldi svara	**18**	**100%**		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Loks voru íbúar í Skagafirði spurðir um það samráð sem hafði verið haft við þá um vatnsaflsvirkjanakosti (tafla 49). Nokkur óánægja virðist vera með samráðið á svæðinu en um helmingur svarenda var mjög eða frekar óánægður með það atriði. Á hinn bóginn var um fimmti hver svarandi ánægður með það samráð sem haft hefur verið.

Tafla 49. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	4	5	2%	2,1%	2%
Frekar ánægð(ur)	35	33	17%	5,3%	17%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	50	51	27%	6,2%	27%
Frekar óánægð(ur)	68	64	34%	6,6%	34%
Mjög óánægð(ur)	39	38	20%	5,6%	20%
Fjöldi svara	**196**	**191**	**100%**		
Veit ekki	37	41			
Vil ekki svara	7	7			
Alls	**240**	**240**			

Konur voru líklegri en karlar til að vera óánægðar með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði. Sömuleiðis voru svarendur í aldurshópunum 30-44 ára og 45-59 ára líklegri til að vera óánægðir en þeir svarendur sem tilheyrðu yngsta og elsta aldurshópnum (tafla 50).

Tafla 50. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði? - bakgrunnsgreining

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi svara	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	2%	17%	27%	34%	20%	191	20%
Kyn *óg(*)*							
Karl	2%	25%	24%	27%	22%	99	27%
Kona	2%	9%	31%	41%	17%	92	11%
Aldur *óg(*)*							
18-29 ára	0%	21%	46%	27%	7%	35	21%
30-44 ára	4%	7%	25%	33%	31%	46	11%
45-59 ára	1%	19%	18%	47%	14%	56	21%
60 ára og eldri	4%	21%	25%	25%	25%	54	25%
Sveitarfélag *óg*							
Sveitarfélagið Skagafjörður	3%	17%	27%	33%	20%	183	20%
Akrahreppur	0%	15%	28%	44%	13%	8	15%
Skráning *óg*							
Mætti á íbúafund	0%	26%	15%	32%	28%	12	26%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	0%	15%	34%	32%	19%	61	15%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	4%	17%	25%	35%	19%	118	21%



Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(--) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Meðal almennt skráðra þátttakenda var meirihluti óánægður með það samráð sem hefði verið haft við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði en fáir voru ánægðir (tafla 51).

Tafla 51. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skagafirði? – almenn skráning

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	2	12%	15,3%	12%
Frekar ánægð(ur)	1	6%	11,2%	6%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	4	24%	20,2%	24%
Frekar óánægð(ur)	4	24%	20,2%	24%
Mjög óánægð(ur)	6	35%	22,7%	35%
Fjöldi svara	**17**	**100%**		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
Alls	**18**			

Niðurstöður skoðanakönnunar sem framkvæmd var í aðdraganda íbúafundar um samfélagsleg áhrif virkjana benda til þess að Skagfirðingar telji vatnsaflsvirkjanir að jafnaði hafa jákvæð áhrif á flest þau atriði sem könnuð voru, bæði samfélagsleg og efnahagsleg. Helst er það að þeir telji virkjanir hafa neikvæð á náttúru Skagafjarðar. Hins vegar virðast vera mjög skiptar skoðanir um þá virkjanakosti sem eru til umfjöllunar í þriðja áfanga rammaáætlunar, en álíka margir virðast vera hlynntir og andvígir byggingu bæði Villinganes- og Skatastaðavirkjunar. Sömuleiðis virðast margir ekki þekkja virkjanakostina eða hafa myndað sér afstöðu til þeirra. Þá er ljóst að nokkur munur er á því hvernig Skagfirðingar telja að nýta eigi orkuna, en áberandi er að flestir telja það hafa jákvæð áhrif á afstöðu sína ef raforkan sem framleidd væri í virkjunum í Skagafirði yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Almennt skráðir þátttakendur, þeir sem skráðu sig sjálfir til þátttöku á íbúafundinum, virðast hafa talsvert neikvæðari viðhorf til áhrifa vatnsaflsvirkjana á samfélagið heldur en hinn almenni íbúi Skagafjarðar. Sömuleiðis eru þeir andvígari þeim virkjanakostum sem spurt var um. Hins vegar er vert að fara varlega í nokkurn samanburð þarna á milli þar mjög fáir svarendur eru á bakvið tölur almennt skráðra. Auk þess er ekki víst að svarendur séu dæmigerðir fyrir almennt skráða þátttakendur þar sem aðeins lítið hlutfall almennt skráðra fyllti út spurningalistann eftir fundinn.

NIÐURSTÖÐUR – UMRÆÐUR Á ÍBÚAFUNDI

Umræðustjórar á íbúafundi höfðu það hlutverk að stýra umræðum með þeim hætti að kynna til sögunnar ákveðin þemu sem voru fyrirfram ákveðin samkvæmt umræðuramma og spyrja spurninga tengdum þemunum ef þörf var á (t.d. ef umræður stöðvuðust eða fóru út fyrir efni fundarins). Umræðuramminn var saminn í samvinnu við faghóp um samfélagsleg áhrif virkjana og má finna hann í viðauka við þessa skýrslu. Mismikill tími var áætlaður til að ræða þemun, en þau voru: Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála, samfélagsleg áhrif, efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir, orka og nýting hennar og loks var stutt samantekt á umræðum fundarins. Við greiningu á umræðum er þessum atriðum skipt á ný í ítarlegri flokkun sem fylgir hér á eftir.

Aðferðafræði rökræðukannana byggir á því að sem minnst afskipti séu af hálfu umræðustjóra, þannig að umræðurnar lýsi sem best því sem þátttakendum liggur á hjarta frekar en að sóst sé eftir ákveðinni niðurstöðu. Þetta þýðir að oft fara umræður um víðan völl og ekki endilega nákvæmlega eftir þeirri forskrift sem má sjá í umræðuramma. Í tilfelli íbúafundar um samfélagsleg áhrif virkjana fólst þetta í að töluvert var rætt um umhverfisáhrif virkjana sem brunnu mjög á mörgum þátttakendum. Þó þetta hafi ekki verið beint til umfjöllunar á íbúafundinum er erfitt að sneiða hjá þessu umræðuefni og við úrvinnslu á niðurstöðum fundarins var tekið tillit til þessara umræðna, enda hafa umhverfisbreytingarnar margar hverjar samfélagsleg áhrif. Sem dæmi má nefna að sumir þátttakendur töldu virkjanaframkvæmdir geta breytt jökulám í laxveiðiár, sem myndu teljast til umhverfisáhrifa – en ljóst er að laxveiðar myndu auka lífsgæði íbúa, sem mætti telja til samfélagslegra áhrifa. Því er hér greint frá, eins og kostur er, öllu því sem fram kom í fundargerðum ritara.

Við lestur á niðurstöðum umræðna á íbúafundi ber að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi er sérstaklega gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem bar mest á í umræðunum. Einfaldlega er mælt hversu oft þessi helstu atriði koma fyrir í umræðum þátttakenda. Sami háttur er hafður á við röðun umræðuefna í undirköflum, fyrst er fjallað um þau atriði sem koma oftast fyrir en þau atriði sem koma sjaldan fyrir eru alla jafna nefnd í lok kaflans. Í öðru lagi er jöfnum höndum notað orðalagið vatnsaflsvirkjanir og virkjanir þegar fjallað er um umræður á íbúafundi. Margar tegundir virkjana er að finna en til að halda orðalagi þátttakenda og skýrslu sem líkast er oft notast við orðið virkjanir, þó augljóst sé af samhenginu að átt sé við vatnsaflsvirkjanir en ekki aðrar tegundir virkjana. Í þriðja lagi er vert að benda á að til að koma í veg fyrir að ummæli séu persónugreinanleg er oft notast við orð eins og „íbúar“ og „þátttakendur,“ sem og persónuforöfnin „einn,“ „annar,“ „nokkrir“ og „sumir“

sem eru karlkyns orð, en ummælin eru ýmist tjáð af kvenkyns eða karlkyns þátttakendum eða af einstaklingum af báðum kynjum.

Loks er rétt að leggja sérstaka áherslu á að hlutverk Félagsvísindastofnunar var ekki að kanna sannleiksgildi fullyrðinga sem þátttakendur vörpuðu fram í umræðum, heldur að gera grein fyrir því um hvað var rætt. Því er mögulegt að í þeim texta sem má lesa úr umræðum sé að finna fullyrðingar, skoðanir og hugmyndir sem eru efnislega rangar, illa rökstuddar, tæknilega ómögulegar að útfæra eða kunna með öðrum hætti að vekja furðu lesanda. Í þessu samhengi er mikilvægt að gera greinarmun á skoðunum og staðreyndum, sem og að hafa í huga að markmið fundarins var að fá fram sem flestar skoðanir sem munu nýtast við frekari vinnu faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana. Við úrvinnslu var tekin sú ákvörðun að það væri ekki hlutverk úrvinnsluaðila að velja og hafna því hvort fullyrðingar ættu heima í skýrslu. Því er brýnt að hafa í huga að eftirfarandi niðurstöður eru unnar úr skoðunum þátttakenda og endurspegla ekki skoðanir starfsfólks Félagsvísindastofnunar, faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana eða annarra aðila sem tengjast verkefninu með formlegum hætti.

Helstu niðurstöður

- Þegar á heildina er litið virðist afstaða þeirra sem mættu til íbúafundar vera fremur neikvæð í garð virkjana, í það minnsta eru neikvæðar hliðar nefndar oftar en jákvæðar. Andstaða við virkjanir í Skagafirði virðist aðallega byggjast á því að þátttakendur telja virkjanir hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og náttúru á svæðinu. Þó voru margir sem töldu virkjanir hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Nýting orku til atvinnuuppbyggingar á svæðinu vó þyngst í afstöðu þeirra sem töldu virkjanir hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og hafði mildandi áhrif á andstöðu sumra sem töldu áhrif virkjana vera neikvæð. Nokkur andstaða við uppbyggingu á stóriðju kom einnig fram á íbúafundinum.
- Nýting orku í nærsamfélagi virkjana var það þema sem kom oftast fyrir í ummælum þátttakenda á íbúafundinum. Í því samhengi var nefnt að nýting orkunnar í Skagafirði væri forsenda flestra þeirra samfélagslegu breytinga sem ræddar voru á fundinum, auk þess sem margir þátttakendur nefndu það sem forsendu fyrir því að virkjað yrði yfir höfuð. Nýting í nærsamfélagi virðist hafa mikið vægi í hugum flestra þátttakenda. Þeir sem eru jákvæðir í garð virkjana líta á þetta atriði sem forsendu samfélagslegrar uppbyggingar í Skagafirði en þeir sem eru neikvæðari í garð virkjana hafa margir hverjir mildari afstöðu til virkjanakosta ef orkan yrði nýtt á svæðinu.

- Orkusala til stóriðju var annað þema tengt orkunýtingu sem mikið var rætt á íbúafundinum, oft í tengslum við umræður um hvort orka yrði nýtt í Skagafirði ef virkjað væri. Flestir þátttakendur á íbúafundinum voru andvígir því að orkan yrði notuð í stóriðju. Margir töldu ólíklegt að stóriðja myndi byggjast upp í Skagafirði og nefndu dæmi um atvinnuuppbyggingu sem þeim þótti ákjósanlegri. Þá var oft vísað í reynslu annarra af stóriðju og hugmyndir um stóriðjuuppbyggingu, yfirleitt undir þeim formerkjum að þess konar starfsemi væri ekki góður kostur.
- Áhrif virkjana á ferðaþjónustu voru mikið rædd á íbúafundinum, þar sem margir veltu fyrir sér hvort virkjanaframkvæmdir myndu styðja við eða draga úr uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu. Nefndu margir að ferðaþjónustan byggði að miklu leyti á aðgengi að ósnortinni náttúru. Töluvert var rætt um flúðasiglingar í tengslum við þessi mál en talið var að störf væru í húfi ef virkjað yrði. Á hinn bóginn töldu margir að aðgengi myndi batna með vegaframkvæmdum sem myndu fylgja virkjunum, þó nokkuð hafi verið deilt um það atriði. Þegar á heildina er litið voru nokkuð skiptar skoðanir um áhrif virkjana á ferðaþjónustu en fleiri virðast þó hafa talið áhrifin neikvæð en jákvæð.
- Margir nefndu breytingar sem myndu verða á náttúru Skagafjarðar við virkjun. Þeir sem nefndu náttúruna gerðu það yfirleitt með þeim formerkjum að hana bæri að vernda eða að lágmarka þyrfti áhrif virkjana á náttúruna. Oft var nefnt að náttúran hefði meira vægi í umræðum um framkvæmdir í dag en áður og að hún fæli í sér verðmæti fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.
- Saga virkjanaframkvæmda á Íslandi var töluvert rædd af þátttakendum á íbúafundinum, sér í lagi var oft minnst á virkjanaframkvæmdir í Blöndu. Deilur um þær framkvæmdir voru mörgum þátttakendum ofarlega í huga, en virkjunin við Blöndu var oftast nefnd sem dæmi um að óraunhæft væri að búast við því að virkjanaframkvæmdum myndi fylgja atvinnuuppbygging á svæðinu. Nokkrir þátttakendur lýstu þó jákvæðum samfélagslegum áhrifum Blönduvirkjunar og Kárahnjúkavirkjunar.
- Deilur um virkjanamál meðal íbúa voru ræddar á íbúafundinum og var nokkuð persónubundið hvort þátttakendur töldu umræður um málið vera miklar eða litlar og hvort þær hefðu áhrif á samstöðu íbúa. Margir töldu þó að hópaskipting og verri samstaða meðal íbúa myndi verða raunin ef ákveðið væri að virkja. Vísuðu margir til sögulegra dæma um slíkar deilur á svæðinu.
- Leitast var eftir því að þátttakendur lýstu því hvað réði muni á afstöðu þeirra til virkjunarkosta, ef nokkur var. Mjög skiptar skoðanir voru um virkjanakosti í sveitarfélaginu en helst var rætt um umhverfisleg áhrif þeirra og hvaða áhrif það myndi hafa á ferðaþjónustu ef virkjað væri. Þátttakendur virðast hafa verið ívið jákvæðari í garð Skatastaðavirkjunar en

Villinganesvirkjunar þar sem margir töldu hana hafa minni umhverfisáhrif. Þó voru margir sem töldu að nýta ætti hvorugan virkjunarkostinn eða báða.

- Þeir sem töldu samfélagsleg áhrif virkjana vera jákvæð nefndu oftast áhrif á atvinnumál máli sínu til stuðnings. Nokkuð var rætt um atvinnuástand á svæðinu og töldu margir að virkjun myndi skila auknum atvinnutækifærum á svæðið.
- Vegaframkvæmdir tengdar virkjunum voru sömuleiðis oft nefndar sem kostur. Betri vegir voru af mörgum taldir gagnast ferðaþjónustunni, þó það hafi verið nefnt að það myndi raska ósnortinni náttúru að leggja vegi. Einnig voru rædd áhrif virkjana á flugsamgöngur.
- Mikil andstaða kom fram við lagningu sæstrengs, sem var talin koma í veg fyrir atvinnuuppbyggingu á Íslandi, hækka raforkuverð og auka þrýsting á frekari virkjanaframkvæmdir.
- Þá komu fram töluverðar umræður um hvort þörf væri á að auka orkuframleiðslu á Íslandi með fleiri virkjunum. Vildu margir að sýnt yrði fram á með hvaða hætti orka sem framleidd væri í Skagafirði myndi nýtast áður en tekin væri ákvörðun um að virkja.

Niðurstöðum umræðna er skipt í undirkafla. Röðun undirkafla ræðst af tímaröð þeirri sem notuð var við umræðustjórnun á íbúafundi, þar sem þemu voru tekin fyrir í fyrirfram ákveðinni röð. Fyrst er þó vikið að umræðum um náttúru og breytingar á umhverfi, sem voru ekki formlega til umræðu á íbúafundinum en var oft nefnt.

Náttúra

Flestir sem tjáðu sig um áhrif virkjana á náttúruna töldu að þau áhrif væru neikvæð. Það voru þó skiptar skoðanir á því hvort réttlætanlegt væri að virkja þrátt fyrir umhverfisáhrif. Meirihluti þeirra sem tjáði sig taldi náttúruspjöll vega meira varðandi ákvörðunina og vísaði helst í gildi þess að vernda ósnortna náttúru og að hugsa til framtíðar varðandi umhverfisvernd. Margir voru hins vegar fylgjandi virkjunum þrátt fyrir að umhverfisáhrif gætu verið neikvæð. Í þeim ummælum bar mikið á umræðu um fórnarkostnað og að náttúruspjöllum væri stillt upp á móti ávinningi af virkjun fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu. Einnig var lítillega rætt um jákvæð áhrif virkjana á náttúruna og möguleg áhrif hlýnunar jarðar á virkjanakosti.

Meirihluti þeirra sem tjáðu sig um áhrif virkjana á náttúruna voru á móti því að virkja vegna umhverfisáhrifanna. Flestir töluðu um mikilvægi þess að vernda ósnerta náttúru svæðisins. Þannig væri mikilvægast að halda ásýnd landsins óspjallaðri. Ýmsar ástæður voru taldar upp fyrir því verndunarsjónarmiði. Í fyrsta lagi töluðu margir um fegurð svæðisins sem ætti að virkja og að sökum hennar hefði náttúran gildi fyrir íbúana og gesti. Ekki mætti skemma ásýnd svæðisins, á hálendinu

væru náttúruperlur sem væru merkilegar á landsvísu og jafnvel á heimsmælikvarða. Nokkrir nefndu sérstaklega gilið í Austurdal og Vesturdalinn. Einn kunnugur svæðinu benti á að sumum fyndist allt í lagi að virkja svæðin en hefðu ekki komið þangað. Spurt var hvernig hægt væri að meta mikilvægi þess fyrir íbúana að búa í návígi við náttúruperlurnar í dölunum. Einn talaði til að mynda um róandi áhrif af því að fara fram í Austurdal.

Í öðru lagi töluðu margir um mikilvægi langtímasjónarmiða þegar tekin væri afstaða til framkvæmda sem hefðu áhrif á ásýnd landsins. Sumir töldu að eftir nokkra áratugi yrði enn eftirsóknarverðara en í dag að komast í óbyggðir og ósnortna náttúru. Áhugi ungs fólks á útivist væri sífellt að aukast og fólk vildi komast á auð svæði. Einnig var bent á að viðhorf fólks til náttúrunnar hefðu gjörbreyst á síðustu áratugum og nauðsynlegt væri að huga að því hvernig þau gætu breyst í framtíðinni. Aðrir bentu á mikilvægi þess að skila náttúrunni óskemmdri til afkomenda. Kynslóðin sem nú væri við völd stæði stutt við í tíma náttúrunnar og mætti ekki spilla henni. Sumir þeirra fullorðnari töluðu um að með auknum aldri þætti þeim vænna um landið, náttúruna og framtíðina.

Sumir þeirra sem voru á móti virkjanaframkvæmdum vegna áhrifa þeirra á náttúruna töluðu um áhrif virkjana á lífríkið. Bent var á að árnar hefðu áhrif á vistkerfi svæðisins alla leið út í sjó. Einnig var nefnt að Skatastaðavirkjun væri skárri kostur en Villinganesvirkjun frá sjónarhóli náttúrunnar; að grjótið á hálendinu væri miklu verðmætara en búnaðarland; að verðmæti sem fælust í landslaginu, fyrir t.d. ferðaþjónustu, myndu vega upp á móti þeim ágóða sem virkjun hefði í för með sér; og að faghópur 1 hafi metið það svo að áhrif af virkjanakostum í Skagafirði væru neikvæð á náttúruna. Til að koma í veg fyrir að virkjað væri á hálendinu var stungið upp á vindmyllum og að reyna að auka orkuframleiðslu í núverandi virkjunum.

Margir þeirra sem ræddu um áhrif virkjana á náttúruna töldu hins vegar að umhverfisáhrif væru fórnarkostnaður sem nauðsynlegt væri að færa til að bæta atvinnuástandið í Skagafirði. Í þessu samhengi skipti meginmáli að virkjunin hefði jákvæð áhrif á samfélagið og skilaði aukinni atvinnuuppbyggingu fyrir heimahéraðið. Mikilvægt væri þá að lágmarka áhrif virkjana á umhverfið en kostirnir vægju ókostina upp. Einn þátttakandi benti á að líta þyrfti til framtíðar fyrir fólkið í samfélaginu og taldi að í því samhengi væri ekki mikilvægast að halda náttúrunni ósnortinni. Annar spurði hvort verndun náttúruperla ætti að vega meira en afkoma fólks. Enn annar þátttakandi benti á að út frá umhverfisverndarsjónarmiðum væri best að nýta orkuna í heimabyggð svo sem minnst tapaðist við flutning milli landshluta. Að mati eins þátttakanda myndi það hafa mikil áhrif á afstöðu hans ef virkjun hefði jákvæð áhrif á samfélagið, þrátt fyrir að hann væri náttúru- og umhverfisverndarsinni.

Sumir töldu að áhrif virkjana á náttúruna gætu verið jákvæð og nefndu t.d. uppistöðulónið í því samhengi. Einum þátttakanda fannst náttúran í kringum Blönduvirkjun enn fallegri en áður. Einnig var bent á hversu umhverfisvænn kostur vatnsaflsvirkjanir væru. Einn þátttakandi talaði um þörfina fyrir umhverfisvæna orku, meðal annars vegna þess að íslensk stjórnvöld hefðu ákveðið að minnka losun koltvísýrings.

Í umræðum um náttúruna var einnig vikið að náttúruáhrifum sem gætu haft áhrif á arðsemi virkjana eða haft áhrif á fýsileika virkjanakosta. Nokkrir töldu að vegna hlýnunar jarðar væru jöklar að hopa eða jafnvel hverfa og þar með myndi vatnsmagn í jökulám minnka. Talið var að þetta myndi hafa gríðarleg áhrif á framtíð virkjana. Einn taldi hins vegar að þetta væri einmitt sjónarmið fyrir því að virkja sem fyrst á meðan þess væri kostur. Einn þátttakandi sagði að sjávarborð væri að hækka og að jörðin mætti ekki við að sökkva meira landi.

Annað sem nefnt var í tengslum við áhrif virkjana á náttúruna var að illa rekin ferðaþjónusta gæti líka spillt náttúru, að bera þyrfti saman það landsvæði sem færi undir vatn í Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun og að lagning sæstrengs gæti leitt til þess að Ísland færi að nýta raforku sem væri búin til úr kjarnorku.

Náttúran var mörgum þátttakendum hugleikin í umræðum um samfélagsleg áhrif virkjana. Á flestum borðum voru einhverjir þátttakendur sem ræddu náttúruvernd strax í almennum umræðum, þegar rætt var um það sem skipti fólk mestu máli þegar það tæki afstöðu til virkjanaframkvæmda. Ummæli um náttúruna snerust flest um gildi ósnertrar náttúru. Talað var um hvers virði fegurð hennar væri fyrir íbúana og gesti á svæðinu og að ósnert náttúra ætti eftir að verða eftirsóknarverðari í framtíðinni. Mörg ummælanna snerust einnig um nauðsyn þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu í héraðinu og að færa þyrfti fórnir til að bæta atvinnuástandið í Skagafirði. Langflestir þeirra sem tjáðu sig um náttúruna á íbúafundinum töldu að áhrif virkjana á náttúruna væru með því mikilvægasta sem hafa þyrfti í huga við ákvarðanatöku um virkjanaframkvæmdir. Þannig voru margir fylgjendur virkjana á því að meta þyrfti umhverfisáhrif af virkjunum gaumgæfilega og reyna að lágmarka þau eftir bestu getu.

Breytingar á umhverfi

Skiptar skoðanir voru á því hvort áhrif virkjana á umhverfið væru góð eða slæm. Umræður um breytingar á umhverfinu í tengslum við virkjanaframkvæmdir snerust að mestu um þrjú efni. Í fyrsta lagi var rætt um árnar sem yrðu fyrir áhrifum af virkjunum og mögulegar breytingar á árframburði. Í

öðru lagi það land sem færi undir lónin og hvaða tækifæri gætu skapast með lónum. Í þriðja lagi um áhrif á vistkerfi í ánum og öllu umhverfinu. Einnig var rætt almennt um rask af völdum virkjana-framkvæmda, mengun og virkjanakostir bornir saman eftir umhverfisáhrifum þeirra.

Í umræðum um umhverfisáhrif virkjana voru margir sem töluðu um áhrifin á árnar og vatnasvæðið. Þátttakendur voru flestir sammála um að virkjun í jökulám myndi leiða til þess að minni framburður yrði með ánum út á ströndina. Nokkrir sáu þessi áhrif sem neikvæð og töluðu um að miklar breytingar gætu orðið á fjörunni í Skagafirði auk þess sem landbrot sjávar gæti aukist. Bent var á að með virkjun í Blöndu hefði fjaran á Blönduósi horfið. Nokkrir bentu hins vegar á að breytingar yrðu stöðugt á umhverfinu. Þær gætu til dæmis orsakast af flóðum, ágangi sjávar eða hlýnun jarðar. Nefnt var að Héraðsvötnin flæmdust á milli austur- og vesturbakkans og þyrfti ekki mikið til að breyta árfarveginum. Til að mynda hefði framburður í íslenskum ám minnkað vegna hopunar jökla og það hafi haft áhrif á náttúruna. Hækkun yfirborðs sjávar gæti líka haft áhrif á landbrot. Þannig væri ekki hjá því komist að náttúra tapaðist af einhverjum orsökum. Sumir töldu að minnkun framburðar gæti verið jákvæð. Hugsanlega myndu Héraðsvötn hætta að færast til. Þau yrðu heldur ekki jafn gruggug og það gæti haft jákvæð áhrif á veiði. Einnig var bent á að virkjun gæti dregið úr landbroti af völdum ánna og jafnað vatnsstöðu. Einn þátttakandi taldi að minnkun í vötnunum myndi valda því að auðveldara yrði að ferðast yfir þau. Annar sagði að þær þrjár ár sem ættu að fara í lónið væru náttúruperlur og að virkjun kæmi ekki til greina.

Margir þeirra sem voru á móti virkjanaframkvæmdum vegna áhrifa þeirra á umhverfið töluðu um áhrif virkjana á vistkerfið, bæði dýr og plöntur. Bent var á að árnar hefðu áhrif á vistkerfi svæðisins alla leið út í sjó. Einn þátttakandi benti á að virkjanir myndu breyta árframburði og þannig skemma vatnasvæðið. Þetta gæti haft áhrif á þorsk í hafi og myndi nánast eyða fuglalífi í Skagafirði. Annar sagði að ef talið væri að virkjanir hefðu mögulega áhrif á fuglalíf og gróðurfar þá þyrfti að fresta framkvæmdum á meðan slík áhrif væru rannsökuð. Enn annar lýsti áhyggjum af áhrifum virkjana á fisk í ánum og vísaði í áhrif virkjana á laxastofninn í Þjórsá í því samhengi. Nokkrir sáu hins vegar fram á jákvæð áhrif virkjana á vistkerfið, aðallega á lax. Bent var á að virkjun í Blöndu hefði leitt til þess að laxveiði í ánni hefði aukist. Talað var um að Héraðsvötn gætu orðið laxveiðiár og mögulega skapað tekjur fyrir sveitarfélagið. Einn sagði breytt búsvæði hafa þegar haft áhrif á vatnasvæðið og vistkerfið þar af leiðandi; engjar hefðu horfið og í staðinn væri kominn skógur. Annar talaði um að framburður í íslenskum ám hefði minnkað vegna hopunar jökla. Enn annar benti á að erfitt væri að sjá fyrir umhverfisbreytingar í kjölfar virkjana, til dæmis hefðu vísindamenn ekki getað séð fyrir aukið mý vegna Blönduvirkjunar. Hins vegar aðlagist samfélagið nýjum aðstæðum.

Í umræðum um lón var rætt um það land sem færi undir vatn og um lónin sjálf. Nokkrir töldu að lón gætu orðið falleg. Með tímanum yrðu þau eðlilegur hluti af svæðinu og ekki væri því hægt að tala um neikvæð umhverfisáhrif af lóninu. Í því fælust tækifæri, t.d. fyrir ferðaþjónustu að sigla með ferðamenn á lóninu. Einn sagðist vera búinn að fara um allt lónssvæðið og að aðeins urð myndi fara undir það. Á hinn bóginn sögðu nokkrir að lón myndu sökkva grónu svæði, t.d. grónum lækjum. Einn taldi mikilvægt að vernda þurrlendi þar sem sífellt minna yfirborð jarðar væri þurrlendi. Annar benti á að vötn væru um allt en árnar væru sérstakar og spurði hvort einhver væri að sigla á Blöndulóni. Bent var á að í lónum væri vatnsyfirborð ekki stöðugt og þar af leiðandi væri ekki líklegt að bakkar lónsins myndu gróa. Sumir höfðu einnig áhyggjur af áhrifum framburðar úr ánum á líftíma lónsins. Talið var að lónið fyrir Villinganesvirkjun myndi fyllast á stuttum tíma af seti.

Einnig var rætt almennt um umhverfisáhrif af virkjunum. Margir töluðu um að lágmarka áhrif virkjana á umhverfið og að umhverfisáhrif væru mikilvægur þáttur að hafa í huga þegar virkjanakostir væru metnir. Einn þátttakandi tók sem dæmi að ef virkjanir skemmdu mikið og entust bara 60-80 ár væru þær ekki æskilegar. Annar talaði um að mikið rask gæti orðið af virkjunum, t.d. hefðu virkjanir haft áhrif á vatnsyfirborð við Mývatn. Nefnt var að vatnsaflskostir væru ákjósanlegir ef þeir væru í samræmi við náttúruna. Einnig var bent á að álverið á Reyðarfirði væri mjög snyrtilegt og ekki mikið lýti á firðinum. Einhverjir töluðu um möguleikana á að nýta virkjanir sem fyrir væru með því að dæla vatni aftur upp í lón, t.d. með vindmyllum.

Nokkrir þátttakendur töluðu um að virkjanir fyrir stóriðju hefðu í för með sér mengun og að slík áhrif væru óæskileg. Einn lýsti áhyggjum af áhrifum virkjana á fok. Einnig var rætt um ólík umhverfisáhrif virkjanakostanna en um það efni er fjallað sérstaklega í kafla um mun á virkjanakostum. Á meðal annarra umræðuefna má nefna umhverfisáhrif sem hljótist af því að flytja orku um sæstreng, að hlýnun jarðar geti leitt af sér flóð, að það skipti máli hversu stórar vindmyllur séu og hvernig þær falli að umhverfinu, að jöklar væru að bráðna og því gætu virkjanir orðið ónothæfar eftir einhvern tíma, að það að hrófla við náttúrunni færi fólk fjær sínu náttúrulega eðli og hafi heilsuspillandi áhrif, að Skagfirðingar þurfi að passa árnar sínar og nú þegar sé vatn sem ætti að renna í Skagafjörð að renna í Blönduvirkjun, að með lóni muni grunnvatnsstaða hækka og að stífluvirkjun í Skagafirði hefði haft í för með sér mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Af ofansögðu sést að þeir þátttakendur á íbúafundinum sem tjáðu sig um breytingar á umhverfi af völdum virkjana voru ekki sammála um hvort þær breytingar væru neikvæðar eða jákvæðar. Margir töldu að áhrif virkjana á framburð jökuláa myndu valda miklum umhverfisbreytingum, bæði á fjörunni og á vistkerfinu. Nokkrir sáu eftir gróðurlendi sem myndi fara undir lón og aðrir höfðu

áhyggjur af mengun ef virkjað yrði fyrir stóriðju. Hins vegar voru margir sem sáu jákvæðar hliðar á umhverfisbreytingum, t.d. aukna laxveiði, ferðaþjónustu á uppistöðulóninu og minnkun á flóðahættu.

Samfélag – Umræða um virkjanamál og samstaða íbúa

Áhrif umræðna um virkjanamál voru rædd á íbúafundinum. Mjög persónubundið var hvort þátttakendur teldu að umræða um virkjanamál væri mikið deiluefni í Skagafirði í dag, en margir sáu fyrir sér að deilur myndu aukast ef líklegt væri talið að fara ætti í virkjanaframkvæmdir. Sumir töldu umræðuna vera hatramma nú þegar og hafa áhrif á samskipti fólks en aðrir töldu að skoðanaskiptin hefðu lítil áhrif á daglegt líf íbúa. Fleiri ummæli féllu um samstöðu íbúa en um umræðuna, en þar sem margir litu á breytingar á samstöðu sem afleiðingu umræðunnar er eðlilegra að hefja þessa umfjöllun með því að lýsa ummælum þátttakenda um umræðu um virkjanamál innan sveitarfélagsins. Vert er að taka fram að á íbúafundinum sjálfum voru skoðanaskipti milli þátttakenda hófstillt, jafnvel þó margir hafi haft sterkar skoðanir á umræðuefninu. Áhrif umræðna um virkjanamál á samstöðu íbúa virðast því ekki vera mjög sundrandi eins og er en það gæti breyst ef málið væri í brennidepli í lengri tíma.

Erfitt er að átta sig á hvort hinn almenni íbúi verði fyrir miklum áhrifum af umræðum um virkjanamál í Skagafirði þar sem upplifun þátttakenda á íbúafundi var mjög persónubundin. Margir töldu áhrif umræðunnar ekki vera mikil í dag, þar sem önnur mál væru meira til umræðu í samfélaginu. Aðrir nefndu að virkjanamál væru ekki mikið rædd á opinberum vettvangi en væru til umræðu meðal almennings t.d. á kaffistofum vinnustaða. Enn aðrir lýstu upplifun af erfiðum deilum þar sem sterkar tilfinningar væru á báða bóga. Nokkrir lýstu ástandinu sem svo að umræða um virkjanamál væri í ákveðinni biðstöðu, sem væri farsælt í bili þar sem umræðan hafi verið erfið, en nú væri meiri samstaða um að virkja aðeins ef orkan verður nýtt í nærsamfélagi virkjana. Annað sem nefnt var í tengslum við umræðu um virkjanamál var að erfitt sé að ræða við einstaklinga sem hafa mikla hagsmuni í tengslum við virkjanaframkvæmdir, að upplýsingar vantaði til að bæta umræðuna og að virkjanir yrðu til umræðu í samfélaginu jafnvel eftir að virkjað væri. Upplifun af umræðunni er því mjög persónubundin og íbúar í Skagafirði virðast vera meðvitaðir um að fjölbreyttar skoðanir eru um virkjanamál á svæðinu.

Margir þátttakendur settu umræður um virkjanamál og áhrif þeirra á samstöðu íbúa í sögulegt samhengi með því að vísa til Blönduvirkjunar. Nefnt var að ekki sé víst að gróið sé um heilt milli fólks eftir deilurnar um Blönduvirkjun, að samfélagslegu áhrifin hafi verið vanrækt þá og að viðbúið

sé að nú fari þetta í sama farið. Annar nefndi að þó mikið hafi verið tekist á um Blönduvirkjun hafi hún haft góð áhrif. Loks kom fram það sjónarmið að fólk skipti sér alls staðar í hópa þar sem umræða um virkjanamál ætti sér stað.

Samstaða íbúa var meðal þess sem nefnt var að skipti mestu máli við ákvarðanatöku um virkjanir. Margir þátttakendur virtust gera ráð fyrir að miklar deilur myndu verða um málið jafnvel þó þær væru ekki hafnar af fullum krafti enn. Sömuleiðis voru oft nefnd sjónarmið á borð við að sátt væri mikilvæg og að málamiðlun ólíkra sjónarmiða væri ákjósanleg. Þá nefndu margir að framsetning skipti máli; nýting í nærsamfélagi myndi hafa mikil áhrif á afstöðu fólks. Það var talið auka á deilurnar að rætt er um að virkja ár sem notaðar eru af ferðaþjónustunni og hefði virkjun því bein áhrif á afkomu fólks í dag. Nefnt var að fólk skiptist í hópa og það hefði áhrif á samskipti fólks að vita hverjir væru með og á móti virkjunum. Einn þátttakandi lýsti þeirri skoðun að ef virkjað yrði myndi það binda endi á deilurnar. Auk þess var nefnt að áhrifin væru mest á landeigendur sem upplifðu að land væri tekið af þeim án samráðs.

Svo virðist sem virkjanamál sé ekki sú umræða sem veldur mestum deilum í Skagafirði í dag, en margir virtust gera ráð fyrir að miklar deilur myndu eiga sér stað ef auknar líkur væru taldar á að ráðast ætti í virkjanaframkvæmdir. Litaðist sú skoðun oft af reynslu fólks af deilum um Blönduvirkjun. Talið var að hagsmunir fólks hvort sem var vegna áhrifa virkjunarinnar sjálfrar, ferðaþjónustu eða landeignar myndi draga fólk í dilka. Nokkrir lýstu yfir ánægju með að umræðan færi lágt þar sem ekki lægi á að taka ákvörðun um málið og að það myndi hlífa fólki við deilum að svo væri. Aðrir virtust þó upplifa deilur og hópaskiptingu nú þegar. Þegar á heildina er litið virðast virkjanamál ekki hafa afgerandi neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í dag, en viðbúið er að deilur muni aukast ef virkjanamál komast í hámæli.

Samfélag – Annað

Þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði ræddu beinar breytingar á samfélaginu í minna mæli en atvinnumál og nýtingu orku. Þó komu fram vangaveltur um íbúafjölda og áhrif virkjana á hann. Einnig var nokkuð rætt um heilsufarsleg áhrif virkjana og fjölmörg önnur samfélagsleg atriði.

Íbúaþróun í Skagafirði var greinilegt áhyggjuefni margra og oft var nefnt að virkjun myndi geta haft jákvæð áhrif á hana. Margir nefndu að íbúum á svæðinu fækki og atvinnuuppbygging með virkjunum gæti komið í veg fyrir það, en oft var þetta nefnt með þeim fyrirvara að nýta þyrfti orkuna

í heimabyggð til að svo færi. Virkjanir voru taldar hafa jákvæð áhrif á mannfjölda með því að auka mannlíf og stuðla að því að ungt fólk og menntað myndi setjast að í Skagafirði. Rætt var um áhrif annarra virkjanaframkvæmda á íbúaþróun, t.a.m. hvort það hefði breytt miklu fyrir íbúaþróun í Húnavatnssýslu ef Blönduvirkjun hefði ekki verið byggð og að fólk hafi búist við mannfjöldaaukningu fyrir austan þegar virkjað var þar en það hafi ekki gengið eftir. Annar nefndi að íbúum hefði fækkað mikið ef ekki hefði verið reist álver á Reyðarfirði þar sem aðkomufólk hefði flust á svæðið og vegið á móti fólksfækkun. Einhverjir höfðu áhyggjur af að orkan yrði seld einum kaupanda og að slík verksmiðja myndi bjóða upp á fá störf og láglaunuð. Sömuleiðis var nefnt að fábreytni í atvinnulífi myndi hafa neikvæð áhrif á búsetu kvenna á svæðinu. Áhrif virkjana á mannfjölda voru því umdeild, en ívið fleiri ummæli féllu um jákvæð áhrif. Möguleikar á því að koma í veg fyrir fólksfækkun voru því meðal jákvæðra samfélagslegra áhrifa sem oft voru nefnd á íbúafundinum.

Nokkrir umræðuhópar ræddu heilsufarsleg áhrif þess að virkja og voru skiptar skoðanir á því. Málið var yfirleitt rætt á almennum nótum og komu fram sjónarmið þess efnis að virkjanir hefðu engin heilsufarsleg áhrif, hvorki jákvæð áhrif né neikvæð. Meðal þeirra sem nefndu tiltekin áhrif kom fram að ef orkan yrði notuð í heilsutengda starfsemi á borð við Bláa Lónið myndi það hafa jákvæð áhrif. Þeir sem nefndu neikvæð áhrif á heilsufar töluðu meðal annars um að neikvætt væri ef orkan yrði seld í atvinnustarfsemi sem krefðist þess að stór hluti íbúa þyrfti að vinna á næturnar, að náttúran hafi heilusfarslegt gildi sem megi ekki spilla fyrir komandi kynslóðum, að náttúran hafi tilfinningalegt gildi og að ef orkan væri notuð til að byggja upp mengandi atvinnustarfsemi þá myndi það hafa heilsufarsleg áhrif. Erfitt var að ráða af umræðum hvers konar heilsufarsleg áhrif þátttakendur teldu virkjanir hafa, en þeir sem nefndu tiltekin dæmi voru líklegri til að nefna neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar.

Mjög skiptar skoðanir voru á því hvort ástand samfélagsins í Skagafirði væri gott eða vont og hvort það væri að versna eða skána. Nokkrir nefndu að skortur væri á húsnæði í sveitarfélaginu en ekki fengist fjármagn til að byggja. Lítið var rætt um áhrif virkjana á mismunandi hópa í samfélaginu, en þó var nefnt að störf tengd virkjunum væru sjaldan fyrir konur og að eldra fólk væri hlynntara virkjunum en yngra. Meðal annars sem nefnt var á íbúafundinum má nefna að virkjanir gætu haft jákvæð áhrif á dreifikerfi rafmagns, að virkjanir hafi lítil áhrif á daglegt líf og að mikilvægt væri að huga að samfélagslegum atriðum, en ekki bara fjárhagslegum, við ákvarðanatöku um virkjanir.

Svo virðist sem þær samfélagslegu breytingar sem helst voru tengdar við virkjanir á íbúafundi hafi snúið að áhrifum virkjana á atvinnumál og að aðrar samfélagslegar breytingar hafi verið minna ræddar. Helst var rætt um breytingar á mannfjölda, en þá oftast á þeim forsendum að aukinn fjöldi

starfa myndi hvetja til búsetu á svæðinu. Heilsufarsleg áhrif virkjana voru umdeild en fleiri nefndu neikvæð áhrif en jákvæð, þó margir hafi ekki talið vera teljanleg heilsufarsleg áhrif. Fjölmargt annað var nefnt í tengslum við breytingar á samfélagsgerðinni, en ljóst er að umræða um nýtingu orku, náttúru og atvinnumál vó þyngra í hugum flestra þátttakenda.

Stjórnmál, áhrif á sveitarfélagið og opinbera þjónustu

Á íbúafundinum var nokkrum sinnum minnst á áhrif virkjana á opinbera þjónustu og rekstur sveitarfélaga á svæðinu. Fáir nefndu bein áhrif á virkjana á stjórnmál en helst var kallað eftir bættri stefnumótun.

Nokkuð var rætt um áhrif virkjana á framboð opinberrar þjónustu. Einhverjir nefndu að ef ekki væri virkjað myndi opinber þjónusta dragast saman, en aðrir töldu áhrif virkjana vera lítil eða engin þegar kæmi að framboði á opinberri þjónustu. Nokkrir vildu leggja áherslu á annars konar uppbygginu, svo sem á heilbrigðis- og menntakerfinu, áður en virkjað yrði. Einn taldi að virkjun myndi ekki bæta heilsugæslu og að áfram yrði erfitt að fá lækna til starfa á svæðinu. Annar nefndi að þjónusta myndi flytjast til að Akureyrar með bættum vegasamgöngum. Loks benti einn þátttakandi á að aukning í ferðaþjónustu hefði þegar skilað meiri opinberri þjónustu á svæðinu. Því er ljóst að ekki var einhugur um hvaða áhrif virkjun myndi hafa á opinbera þjónustu.

Fjárhagur sveitarfélaganna var af flestum sem tjáðu sig um málið talinn batna ef virkjað yrði. Bættur fjárhagur sveitarfélagsins var oft nefndur sem jákvætt atriði án þess að ítarlegar væri fjallað um það, en sérstaklega var bent á að Húnavatnshreppur hafi fjárhagslegan ávinning af virkjunum. Neikvæð atriði sem nefnd voru í tengslum við fjárhag sveitarfélagsins voru t.a.m. að sveitarfélög fyrir austan hafi ofmetið þann fjölda fólks sem myndi flytjast þangað og væru skuldug vegna þess og að virkjanir hefðu í för með sér fórnarkostnað vegna tekna af ferðaþjónustu sem myndu glatast. Einnig var það nefnt að áhrif á fjárhag sveitarfélagsins myndu aðallega velta á því hvort orkan væri notuð í nærsamfélaginu eða ekki. Þá var minnst á að Akrahreppur gæti fengið stóran hluta þeirra skatttekna sem myndu koma af virkjun. Þegar á heildina er litið virðast áhrif virkjana á fjárhag sveitarfélaganna í Skagafirði vera meðal þeirra áhrifa sem talin eru jákvæðust.

Bein áhrif virkjanaframkvæmda á stjórnmál voru lítið rædd, en helst komu fram óskir um betri stefnumótun í því samhengi. Óskir um betri stefnumótun komu úr ýmsum áttum, svo sem í tengslum við þörf á annarri atvinnuuppbyggingu en álverum, framboð á hitaveituvatni, atvinnumál, aðkomu íbúa að stefnumótun og ferðaþjónustu. Nokkrir nefndu að rétt væri að sameina Sveitarfélagið

Skagafjörð og Akrahrepp. Aðrir nefndu að rétt væri að halda íbúakosningu um virkjanamál. Nefnt var að umræða um virkjanamál kæmi oft fyrir í tengslum við kosningar. Einn þátttakandi óskaði eftir því að Sveitarfélagið Skagafjörður gengi aftur í félag um virkjanaframkvæmdir. Annar nefndi að kynningarmál hefðu farið úr skorðum eftir að skipulagsvald var tekið af sveitarfélögum. Þá var kvartað yfir skorti á samráði við landeigendur.

Áhrif virkjana á stjórnmál voru því lítið rædd á íbúafundinum. Helst var rætt um breytingar á opinberri þjónustu, en deilt var um hvers eðlis þær breytingar yrðu, og áhrif á rekstur sveitarfélaga á svæðinu sem almennt voru talin vera góð.

Efnahagur

Umræður um efnahagsmál snerust að mestu um áhrif virkjana á atvinnumál og þá sérstaklega á ferðaþjónustu. Gerð verður grein fyrir þessum umræðuefnum í sérstökum undirköflum hér á eftir. Einnig var rætt lítillega um áhrif virkjana á efnahagslíf í Skagafirði, á hag sveitarfélaga og á þjóðarhag.

Nokkrir töldu að virkjanaframkvæmdir myndu hafa jákvæð áhrif á efnahagslíf í Skagafirði. Aukin atvinnutækifæri og ávinningur landeigenda myndi skila fjármagni inn á svæðið. Velta myndi aukast í verslun og þjónustu og jafnvel gæti raforkuverð lækkað. Hins vegar töldu nokkrir að jákvæð efnahagsleg áhrif yrðu tímabundin, helst á framkvæmdatíma, en ekki til frambúðar. Sumir töldu ólíklegt að ávinningur yrði af virkjunum. Einn benti á að jákvæð efnahagsleg áhrif yltu á því að orkan væri seld með hagnaði, en að það væri ekki raunin með margar virkjanir. Sömuleiðis var bent á nauðsyn þess að vega ávinning af virkjun upp á móti neikvæðum áhrifum á aðra atvinnustarfsemi. Sumir töldu að þessi neikvæðu áhrif á aðra atvinnuvegi gætu orðið meiri.

Í umræðu um hvaða áhrif það hefði á Skagafjörð að virkja ekki töldu nokkrir að áhrif yrðu lítil og aðrir að þau yrðu jákvæð ef litið væri til framtíðar. Einn sagði ólíklegt að samfélagið færi í kreppu ef ekki yrði virkjað og benti á að nýlega hefði fjölgað um 30 manns á svæðinu. Sömuleiðis var bent á Húnavatnshrepp því til stuðnings að ávinningur af virkjun væri óverulegur. Annar taldi hins vegar að ef ekki yrði virkjað myndi samfélagið halda áfram í hægri afturför. Í umræðum um áhrif virkjana–framkvæmda á hag sveitarfélaga var aðeins rætt hvernig skipta ætti ávinningi milli hreppanna. Sumir töldu að sameining hreppanna myndi leysa þann vanda og einn vildi skipta ávinningi eftir íbúafjölda sveitarfélaganna.

Sumir töldu að nauðsynlegt væri að virkja til að tryggja hagvöxt á landsvísu. Þannig væri í góðu lagi að virkja ef virkjanakosturinn væri álitlegur, svo framarlega sem það spillti ekki náttúrunni og tækifærum á svæðinu. Það væri þörf á að auka landsframleiðslu. Annar taldi hins vegar að ekki væri það mikill hagnaður af öðrum stórvirkjunum að frekari virkjanaframkvæmdir og sala til stóriðju borgaði sig. Meðal annarra málefna sem rædd voru í umræðum um efnahagsleg áhrif virkjana í Skagafirði var að þær gætu aukið trú fólks á svæðinu, að landverð frammi í firði gæti hækkað og að rétt væri að ríkið fengi greitt fyrir vatnsréttindi af þjóðlendum.

Skiptar skoðanir voru um efnahagsleg áhrif virkjana í Skagafirði. Nokkrir töldu að aukið fjármagnsflæði myndi fylgja virkjanaframkvæmdum eða að virkjun væri nauðsynleg til að tryggja landsframleiðslu. Aðrir efuðust um að efnahagsleg áhrif myndu verða mikil eða nokkur af virkjun og sumir töldu jafnvel hagsælla fyrir samfélagið að virkja ekki, meðal annars vegna áhrifa á aðrar atvinnugreinar. Efnahagsleg áhrif voru að miklu leyti talin háð því hvort orka úr virkjunum væri nýtt í Skagafirði eða ekki.

Atvinna

Atvinnumál voru eitt af aðalumræðuefnum íbúafundarins og hægt er að skipta umræðunum í tvö meginþemu. Annars vegar voru umræður um hvort virkjanir hefðu jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnuframboð í Skagafirði og þannig á mögulega fólksfjölgun og hins vegar umræður um áhrif virkjana á aðra atvinnuvegi, aðallega landbúnað og ferðaþjónustu. Umræður um áhrif virkjana á ferðaþjónustu verða teknar saman í næsta undirkafla.

Í umræðum um áhrif virkjana voru margir sem lýstu því yfir að staðan í atvinnumálum í Skagafirði væri mjög slæm. Virkjun myndi auka atvinnutækifæri á svæðinu og þannig hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið í héraðinu. Talað var um að engin atvinnuuppbygging ætti sér stað í Skagafirði og ólíklegt að það myndi breytast ef ekki yrði virkjað. Sumir voru á því að svæðið hefði þörf fyrir stóran vinnustað í einhvers konar orkufrekri framleiðslu. Tvívegis var nefnt að skapast myndu 5-6 störf í virkjuninni sjálfri og sumir töluðu um að virkjanir gætu skapað störf fyrir menntað fólk. Einn stillti þörfinni fyrir atvinnu upp á móti náttúruverndarsjónarmiðum og sagði það skipta meira máli að fá menntað fólk til baka til Skagafjarðar, jafnvel þótt honum þætti vænt um náttúruna. Einn taldi að atvinnutækifæri sem sköpuðust við virkjun myndu koma þeim til góða sem ættu erfitt með að lifa af búum sínum.

Í tengslum við umræðu um atvinnumál var þátttakendum tíðrætt um þróun fólksfjölda í Skagafirði. Margir töluðu um að fólksfækkun hefði verið langvinn og að fækkun væri í byggð. Virkjana-framkvæmdir myndu stöðva þessa þróun og jafnvel snúa henni við með auknum atvinnutækifærum. Einhver benti á að nauðsynlegt væri að halda orkunni innan Norðvesturlands, því ef orkan yrði nýtt austar myndu fleiri setjast að á Akureyri.

Margir höfðu hins vegar efasemdir um gæði þeirra starfa sem sköpuðust við virkjanaframkvæmdir eða stóriðju. Talað var um að svæðið vantaði helst hálaunastörf og störf handa menntuðu fólki til að laða að ungt fólk. Bent var á störf sem sköpuðust við virkjanaframkvæmdir væru hins vegar aðallega láglaunastörf og frekar fyrir karla heldur en konur. Þannig skipti líka máli í hvað orkan væri nýtt. Í orkufrekum iðnaði væri til að mynda aðallega um að ræða láglaunastörf. Nokkrir lýstu efasemdum sínum um að störf við virkjun eða í iðnaði myndu verða til þess að laða ungt menntað fólk heim í hérað. Þessi störf yrðu frekar mönnuð af erlendu vinnuafli og myndu því ekki verða til þess að koma í veg fyrir brottflutning fólks. Einnig var talað um að ekki væri þörf á virkjana-framkvæmdum til að skapa störf. Á Hólum væri til að mynda búið að skapa 40 störf við menntun og rannsóknir. Annar benti á starfsemi sem hefði laðað til sín þrjár manneskjur úr Skagafirði heim eftir nám. Einn þátttakandi varaði hins vegar við því að greina störf í góð og slæm. Störf við virkjun væru alveg jafngóð og önnur til að laða að fólk í byggðina og ekki væri hægt að ákveða fyrirfram að enginn vildi starfa við atvinnugreinina. Annar benti á að ekki væru allir með menntun. Því voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort hægt væri að fá störf í þeim gæðaflokki sem sóst var eftir.

Sömuleiðis voru þeir margir sem efuðust um að virkjanaframkvæmdir myndu skila auknum atvinnu-tækifærum til frambúðar. Nokkrir bentu á Blönduvirkjun máli sínu til stuðnings. Þar hefði verið talað um að störf myndu skapast í sveitinni en það hefði ekki gengið eftir. Vildu þessir þátttakendur meina að engin störf væru við virkjunina í dag og orkan færi öll úr sveitinni. Virkjanir væru því atvinnu-skapandi á framkvæmdatíma en eftir að framkvæmdum lyki yrðu líklega engin störf eftir í Skagafirði. Annar benti á að atvinnuöryggi væri ekki endilega tryggt með stórri verksmiðju því sú verksmiðja gæti lagt upp laupana einn daginn og það haft slæm áhrif á svæðið.

Nokkrir sögðu ekki þörf á virkjun til að bæta atvinnuástand í Skagafirði. Einn sagði upplifun einstaklinga af ástandinu á svæðinu vera persónubundna, ekki teldu allir að ástandið væri slæmt. Bent var á að ekkert atvinnuleysi væri á svæðinu og lítil eftirspurn eftir störfum í sláturhúsinu. Talað var um að ef reist yrði verksmiðja tengd virkjuninni gæti orðið erfitt að manna fiskvinnsluna. Þannig yrði vinnuafl í iðnaði frekar erlent.

Í umræðum um áhrif virkjana á atvinnumál í Skagafirði voru nokkrir sem lýstu því yfir að þörf væri á skýrari framtíðarsýn. Mikilvægt væri að héraðið markaði sér sameiginlega stefnu um hvers konar atvinnustarfsemi ætti að ráða ríkjum á svæðinu, hvort íbúar vildu leggja mesta áherslu á stóriðju, landbúnað eða eitthvað annað. Einn nefndi að með því að hlúa að virkjunum gæti Skagafjörðurinn orðið mjög einsleitt svæði. Annar taldi að það þyrfti að spyrja Landsvirkjun út í virkjanastefnu þeirra, hvort tilgangurinn með virkjunum væri að stuðla að atvinnuuppbyggingu á Íslandi og fjölga störfum.

Mikið var rætt um áhrif virkjana á aðra atvinnuvegi í Skagafirði og þá helst á ferðaþjónustu og landbúnað. Þar sem umræður um áhrif á ferðaþjónustu voru viðamiklar verður þeim gerð nánar skil í næsta undirkafla. Skiptar skoðanir voru á því hvort virkjanir myndu hafa áhrif á aðra atvinnuvegi í Skagafirði. Í almennum umræðum var nefnt að gott væri að auka fjölbreytni í atvinnuvegum í Skagafirði, þar sem fólki hafi fækkað í sveitunum. Einn sagði atvinnugreinar á landinu þurfa að vinna saman og allir þyrftu að gefa eitthvað eftir. Aðrir töldu hins vegar að áhrifin á aðra atvinnuvegi yrðu það neikvæð að þau myndu þurrka út jákvæð áhrif af virkjanaframkvæmdum á efnahagslíf á svæðinu. Einn talaði um að virkjun gæti haft þau áhrif að koma í veg fyrir að eitthvað nýtt sprytti fram og þannig valdið því að atvinnulífið í Skagafirði yrði einsleitt.

Í umræðum um áhrif virkjana á landbúnað töldu nokkrir að áhrifin myndu vera jákvæð á atvinnugreinina. Virkjanir og aukin raforka inn á svæðið í kjölfarið gæti skapað tækifæri í matvælaframleiðslu og stuðlað að nýsköpun í landbúnaði. Hægt væri að styðja við landbúnað í Skagafirði með því að lækka rekstrarkostnað landbúnaðarins með ódýrari orku. Einn nefndi að meiri orkuframleiðsla myndi gefa möguleikann á að frumvinna mjólk í héraðinu. Hins vegar voru nokkrir sem töldu að áhrif virkjana á landbúnað yrðu neikvæð. Einn talaði um mikilvægi þess að halda svæðinu ósnortnu fyrir matvælaframleiðslu í héraðinu. Annar þátttakandi benti á að bændur hefðu ekki nýtt Blönduvirkjun til nýsköpunar og taldi að nýsköpun væri bændum erfið þar sem þeir væru vanir opinberu styrkjakerfi. Annar nefndi að ferðaþjónusta á svæðinu hefði ekki skilað sauðfjárbændum neinu.

Umræða um atvinnumál var viðamikil á íbúafundinum og ljóst er að áhrif virkjana á atvinnutækifæri eru meðal þess sem er íbúunum efst í huga þegar þeir íhuga virkjanaframkvæmdir. Mjög skiptar skoðanir voru á því hvort virkjanir hefðu jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnu í Skagafirði. Margir töldu nauðsynlegt að bæta atvinnumál í Skagafirði og að stemma stigu við fólksfækkun í héraðinu og ítrekuðu jákvæð áhrif virkjana á þessa þætti. Sömuleiðis voru þeir margir sem töldu að virkjanaframkvæmdir myndu skila fáum atvinnutækifærum í Skagafirði, aðrir sem töldu störf verða

tímabundin eða ekki nógu eftirsóknarverð til að laða að ungt fólk í héraðið, og þeir sem sögðu ekki þörf á að bæta úr atvinnuástandi á svæðinu.

Ferðaþjónusta

Þátttakendum á íbúafundinum var tíðrætt um áhrif virkjana á ferðaþjónustu í Skagafirði. Flestir sem tjáðu sig um þessi mál töldu að virkjanir myndu hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna og þar með á atvinnulíf og efnahag Skagafjarðar. Af undirgreinum ferðaþjónustunnar var mest rætt um áhrif virkjana á flúðasiglingar en einnig var mikið rætt um mikilvægi óspilltrar náttúru fyrir ferðaþjónustuna almennt. Aðrir töldu áhrif virkjana á ferðaþjónustu á svæðinu geta verið jákvæð, til að mynda með samgöngubótum. Einnig var deilt um gildi ferðaþjónustu fyrir Skagafjörð og hvort leggja ætti áherslu á uppbyggingu þar frekar en í öðrum atvinnugreinum.

Langmest var rætt um áhrif Villinganesvirkjunar á ferðaþjónustuna. Villinganesvirkjun, einn af þremur virkjanakostum sem voru til umfjöllunar á fundinum, yrði staðsett í gili sem nú er nýtt til flúðasiglinga. Margir lýstu áhyggjum sínum af áhrifum virkjanaframkvæmda á þessa tegund ferðaþjónustu sérstaklega. Rætt var um að árnar sem til stæði að virkja væru nýttar í ferðaþjónustu í dag og að virkjun myndi útiloka flúðasiglingar í framtíðinni. Atvinnu þeirra sem störfuðu við starfsemi tengdri flúðasiglingum yrði þannig stefnt í voða. Sumir töldu að virkjanaframkvæmdir gætu skapað atvinnutækifæri en jafnframt að þau myndu ekki vega upp á móti þeim tækifærum sem myndu glatast þegar flúðasiglingar legðust af. Nefnt var að 5000 ferðamenn hefðu komið í flúðasiglingar síðasta sumar. Margir bentu á að ekki væri bara um að ræða þau störf sem væru í flúðasiglingafyrirtækjunum heldur einnig afleidd störf. Flúðasiglingarnar væru aðdráttaraflið en ferðamennirnir keyptu einnig aðra þjónustu á svæðinu og hefðu þannig áhrif á afkomu annarra ferðaþjónustuaðila, verslun og bændur. Flúðasiglingar sköpuðu ákveðin verðmæti fyrir Skagafjörð og nauðsynlegt væri að vega þessi áhrif upp á móti ávinningi af virkjun og álveri.

Nokkrir ræddu um hversu sérstök aðstaðan til flúðasiglinga væri í Villinganesi og sumir sögðu hana vera á heimsmælikvarða. Spurt var hvort það væri réttlætanlegt að eyðileggja vinnu einhverra til að skapa vinnu fyrir aðra. Hins vegar benti annar á að báðir hóparnir þyrftu einhvers staðar að mætast, því atvinnustaða á svæðinu væri skelfileg og til að gera eitthvað þyrfti orku. Spurt var hvort öruggt væri að flúðasiglingar legðust af ef virkjað yrði og hvort ekki væri hægt að hanna virkjanirnar með hliðsjón af flúðasiglingum. Flestir virtust þó telja að Villinganesvirkjun myndi gera úti um flúðasiglingar í ánni. Einhver talaði um að þar sem Villinganesvirkjun gæti ekki risið án þess að ógna flúðasiglingum væri ekki mögulegt að gefa eftir að einhverju leyti. Einnig var bent á að jafnvel þótt

c-kostur væri nýttur myndi aðstaða til flúðasiglinga skerðast að nokkru leyti (eyðileggja kafla frá Laugafelli til sjávar).

Margir töluðu um neikvæð áhrif virkjana á ferðaþjónustu í Skagafirði almennt. Helst var þá vísað í auðlindina sem fælist í ósnortinni náttúru og hvernig umhverfisspjöll gætu spillt fyrir ferðaþjónustunni af þeim sökum. Ferðamenn sæktu í að koma til landsins til að upplifa ósnortin víðerni og að þau þyrfti að varðveita. Kynning ferðaþjónustunnar á landinu vísaði í náttúrufegurðina og erfitt yrði að samræma það virkjunum. Nokkrir töldu að í framtíðinni yrði enn dýrmætara fyrir ferðamenn að komast á svæði með ósnortinni náttúru. Einn benti á að Villinganesvirkjun myndi sjást víða að og hafa sjónræn og tilfinningaleg áhrif. Einnig var rætt var um hversu mikið hefði verið lagt í uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu. Virkjun gæti skapað atvinnutækifæri á svæðinu en hún gæti einnig leitt til þess að störf myndu tapast í ferðaþjónustu og þannig haft neikvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu. Ef ekki yrði virkjað hefði ferðaþjónustan á hinn bóginn fleiri tækifæri til að efla sig og byggjast upp. Einn sagðist vera fylgjandi virkjun en þó þyrfti að passa að spilla ekki tækifærum á svæðinu. Spurt var hvort áhrif virkjana á Austurlandi á ferðaþjónustu þar hefðu verið skoðuð.

Margir þátttakendur töluðu einnig um möguleg jákvæð áhrif virkjana á ferðaþjónustu og sögðu virkjanaframkvæmdir geta stuðlað að atvinnuuppbyggingu í ferðaþjónustu. Voru þessi áhrif helst talin felast í bættum vegasamgöngum sem gætu aukið aðgengi að hálendinu. Bætt aðgengi ferðamanna myndi hafa í för með sér aukna aðsókn að svæðinu. Einn vísaði í aukna umferð ferðamanna um Kárahnjúkasvæðið vegna bætts aðgengis í kjölfar virkjunarinnar. Einhverjir töldu hins vegar að bættir vegir inn á hálendið og aukin umferð gæti spillt náttúrugæðum og þannig haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu í framtíðinni. Einn vildi frekar selja jeppa-, göngu- og hestaferðir inn á hálendið. Annar benti á að ákvæði í samningum vegna Blönduvirkjunar hafi kveðið á um vegaframkvæmdir en að það hafi verið svikið.

Nokkrir bentu á að ferðamenn gætu haft áhuga á að skoða virkjanirnar sjálfar og þær gætu þannig orðið aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustuna. Bent var á að útlendingar hefðu áhuga á að skoða Kárahnjúkavirkjun og kæmu til að skoða hana, hvort sem þeir liti hana jákvæðum eða neikvæðum augum. Hægt væri að skapa ferðaþjónustutækifæri með virkjun, t.d. með því að bjóða upp á siglingar á lóninu og skoðunarferðir um virkjanir. Hægt væri að gera virkjunina þannig úr garði að hún ynni með ferðaþjónustunni. Ekki væri sjálfgefið að virkjanir væru í andstöðu við ferðaþjónustuna. Bent var á að flestar virkjanir landsins væru á suðvesturhorninu en samt væru flestir ferðamenn þar. Ekki væri víst að virkjanir hefðu neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Annar sagði hins

vegar að helstu ferðamannastaðirnir fyrir sunnan væru ekki þar sem virkjanirnar sæjust. Enn annar sagðist efast um að ferðamenn kæmu til Íslands til að skoða virkjanir. Auk þessa var nefnt að ferðaþjónustan gæti nýtt aukna orku til uppbyggingar.

Þátttakendur ræddu einnig um mikilvægi ferðaþjónustu í samanburði við aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Margir töldu ferðaþjónustu vera eftirsóknarverðari atvinnugrein til að byggja upp á svæðinu á meðan aðrir vildu auka fjölbreytni í atvinnuvegum. Fyrri hópurinn vildi frekar styðja við ferðaþjónustu heldur en iðnað. Rætt var um uppbygginguna sem hefði orðið í ferðaþjónustu og talið að frekari möguleikar væru fyrir hendi. Líklegra væri að atvinnutækifæri myndu fylgja ferðaþjónustunni heldur en virkjun. Nefnt var að verið væri að byggja upp litla virkjun í Skagafirði sem ætti að knýja lúxushótel á Sauðárkróki. Fjöldi ferðamanna myndi aukast á komandi árum og hægt væri að byggja upp frekar í flúðasiglingum. Einn taldi að ferðaþjónustan hefði náð ævintýralegum árangri og bjargað þjóðarhag. Annar sagði hana hafa bjargað landbúnaðinum á svæðinu. Enn annar taldi skorta að ræða við ferðaþjónustufyrirtæki áður en teknar væru ákvarðanir um virkjanaframkvæmdir. Einnig kom fram sú hugmynd að byggja flugvöll á svæðinu og sjá hvaða tækifæri það gæti skapað ferðaþjónustunni.

Annar hópur hafði hins vegar áhyggjur af því að ferðaþjónustan yrði of viðamikill þáttur í efnahag samfélagsins. Þeir töldu hættulegt að byggja allt á ferðaþjónustu því hún gæti hrunið hvenær sem er. Spurt var hversu lengi það myndi vara að Ísland væri óskaland að sækja heim. Einn sagði að ekki þyrfti nema eitt eldgos til að ferðamönnum fækkaði til landsins í einhvern tíma. Annar benti á að gistinætur á hótelum hefðu staðið í stað á milli ára. Einnig var lýst efasemdum um að ferðaþjónusta skilaði miklu til samfélagsins. Bent var á að flest störfin væru láglaunastörf og talað var um slök skattskil í ferðaþjónustu. Einhver sagði íbúa upplifa áreiti af ferðamannastraumi, sérstaklega í flúðasiglingum, og annar benti á að ferðaþjónusta hentaði ekki öllum.

Það sem helst brann á íbúum Skagafjarðar varðandi ferðaþjónustu voru möguleg áhrif Villinganesvirkjunar á flúðasiglingar í gilinu. Flestir sem tjáðu sig virtust telja virkjanir og flúðasiglingar ósamrýmanlegar. Einnig var rætt um að náttúruspjöll gætu haft áhrif á afkomu ferðaþjónustunnar. Bent var á að þrátt fyrir að störf kynnu að skapast við virkjanaframkvæmdir þyrfti að vega þann ávinning upp á móti því sem tapaðist í ferðaþjónustu. Hins vegar voru líka margir sem töldu að virkjanir og ferðaþjónusta þyrftu ekki að vera andstæður. Þvert á móti gætu virkjanir skapað tækifæri fyrir ferðaþjónustuna, með nýjum áfangastöðum og bættum vegasamgöngum. Þátttakendur á íbúafundinum deildu auk þess um það hvort aukin uppbygging í ferðaþjónustu væri það besta fyrir Skagafjörð. Á meðan margir sáu tækifæri í ferðaþjónustunni og vildu láta hana njóta

forgangs fram yfir iðnað, voru aðrir sem vöruðu við einsleitni í atvinnuvegum á svæðinu. Að ofansögðu er ljóst að ferðaþjónustan er mikilvægur þáttur þegar kemur að umræðu um virkjanakosti í Skagafirði. Íbúar eru ekki á eitt sáttir um hvaða atvinnustarfsemi setja beri í forgang til framtíðar, en ljóst er að margir hafa áhyggjur af áhrifum Villinganesvirkjunar á atvinnu þeirra sem starfa við flúðasiglingar.

Framkvæmdir og framkvæmdaaðilar

Nokkrar umræður spunnust um framkvæmdir og framkvæmdaaðila á íbúafundinum. Snéru þær flestar að framkvæmdum sem tengdar voru virkjunum óbeint, en samgöngur og raflínur voru töluvert ræddar. Þá var nokkuð rætt um þau áhrif sem væru á byggingartíma virkjana og hvað tæki við að honum loknum. Hlutverk og framganga framkvæmdaaðila kom einnig til umræðu á nokkrum borðum.

Vegaframkvæmdir voru þær framkvæmdir sem oftast voru tengdar við virkjanaframkvæmdir á íbúafundinum. Margir töldu þær meðal jákvæðra áhrifa, þar sem nýir vegir væru lagðir og aðrir endurbættir, en andstæð sjónarmið komu einnig fram. Nokkuð var rætt um að þær væru góðar fyrir ferðamennsku en sömuleiðis var bent á að betri samgöngur hefðu fylgt ferðamennsku og því væri virkjun ekki endilega forsenda fyrir bættum vegum. Það sjónarmið kom einnig fram að ekki ætti að byggja upp vegi á hálendinu þar sem tækifæri væru í ferðamennsku á svæðum sem væru óaðgengileg á bílum. Sömuleiðis var það nefnt að hluti af sjarma þess að aka um hálendið væri að aka um ómalbikaða vegi. Enn var vísað til dæmisagna um framkvæmdir við Blöndu þar sem talið var að bættum vegum hafi verið lofað en ekki hafi verið staðið við það loforð. Nokkuð var rætt um að búið væri að leggja af áætlunarflug á svæðinu, virkjanir gætu orðið til þess að það hæfist á ný. Einhver taldi að áætlunarflug myndi standa yfir á framkvæmdatímanum og leggjast síðan af á ný. Þá var rætt um að flug til Skagafjarðar myndi vera gott fyrir ferðamennsku og kæmi þannig í veg fyrir að virkja þyrfti. Vegaframkvæmdir voru nefndar sem mótvægisaðgerðir sem ætti að ráðast í ef virkjað yrði. Það sjónarmið kom hins vegar einnig fram að ástand vegakerfisins væri nógu gott og ekki þörf á frekari vegaframkvæmdum. Samgöngur voru því mikið til umræðu á íbúafundinum og skiptar skoðanir um stöðu þeirra og þörf á endurbótum. Heldur fleiri virðast þó hafa talið vegaframkvæmdir til jákvæðra fylgifiska virkjana.

Önnur tengd framkvæmd sem nokkuð var rædd laut að því hvernig bæri að leggja rafmangslínur. Töldu margir að þetta atriði hefði mikil áhrif á umræður um virkjanir og nefnt var að umræða um raflínur hefði jafnvel meiri áhrif á fólk en umræður um virkjanir. Nokkrir lýstu því að leggja ætti

rafmagnslínur í jörð. Nefnt var að skrifað hefði verið mótmælabréf vegna línulagnar, að til stæði að tengja allar raflínur á landinu, að þegar rætt væri um virkjanir þyrfti einnig að ræða um hvernig línurnar myndi liggja og að nauðsynlegt væri að setja upplýsingar um hvar raflínur myndu liggja á kort sem notuð eru við kynningar á virkjunum. Staðsetning raflína var atriði sem sumir vildu að yrði gert hærra undir höfði í umræðu um virkjanir og að miklu máli skipti hvernig staðið væri að lagningu þeirra.

Margt annað var nefnt í tengslum við framkvæmdir og ber þar helst að nefna að margir töldu að umsvif myndu aukast á framkvæmdatímanum en deilt var um hvort þau áhrif væru til langs tíma eða skamms. Margir töldu skammtímaáhrif vera meðan verið væri að byggja virkjun, um væri að ræða stóra framkvæmd sem margir töldu hafa jákvæð áhrif. Þó var oft nefnt að virkjun ein og sér dygði ekki til. Fólki myndi fjölga og þjónusta aukast á framkvæmdatímanum en það gæti valdið vandræðum ef það flyttist á brott að byggingu lokinni. Vísað var til þess að mikil umsvif hefðu verið vegna byggingar Blönduvirkjunar en fólki fækkað að byggingartímanum loknum. Annað sem nefnt var í tengslum við umræður um framkvæmdir var að ef ekki væri virkjað í Skagafirði þá myndu aðrir grípa tækifærið og fá uppbyggingu í atvinnulífi hjá sér. Nefnt var að í boði væru styrkir sem mótvægisaðgerðir ef virkjað yrði og var litið til dæmis til skógræktar fyrir austan í því samhengi. Nokkrir nefndu að ekki væri þörf á að taka ákvörðun um virkjanir á þessum tímapunkti og að betra væri að bíða um sinn.

Á sumum borðum var rætt um hlutverk framkvæmdaaðila. Ívið fleiri ummæli féllu um Landsvirkjun en Kaupfélag Skagfirðinga. Einhverjum þátttakendum var ekki ljóst hverjir stæðu að framkvæmdunum. Á einu borði voru gerðar athugasemdir við kynningaraðferðir Landsvirkjunar og Landsnets, sem voru að mati þátttakenda þær að boða fáa á fund þar sem lítið væri rætt um virkjanir og síðan væri hugmyndum stillt upp sem afarkostum án þess að boðið væri upp á raunverulegt val. Nefnt var að Landsvirkjun veitti styrki í verkefni sem erfitt hefði reynst að afla styrkja í og að hlutverk Landsvirkjunar væri að framleiða orku til atvinnuuppbyggingar á Íslandi. Í umræðum um sæstreng taldi einn þátttakandi að um væri að ræða brellu til að fá hærra raforkuverð frá stóriðjufyrirtækjum, en annar taldi að verið væri að fá lægra raforkuverð til almennings. Einn þátttakandi lýsti yfir aðdáun sinni á sveitarstjórnarmönnum sem hefðu þurft að glíma við ofurefli þegar þeir voru ósammála Landsvirkjun. Minna var rætt um Kaupfélag Skagfirðinga, en þó var nefnt að það væri kostur að þeir ætluðu að nota orkuna í Skagafirði, og að þeir myndu nota orkuna til að reisa koltrefjaverksmiðju. Á einu borði var rætt um hversu mikla áherslu Kaupfélag Skagfirðinga legði á að byggja virkjun en þátttakendur voru ekki sammála um það atriði. Í umræðum má sjá að nokkrir

gera athugasemdir við framgöngu og hlutverk framkvæmdaaðila, en þetta var ekki meðal þeirra efna sem voru mest til umræðu á fundinum.

Umræður um framkvæmdir snérust að miklu leyti um þær tengdu framkvæmdir sem þátttakendur gerðu ráð fyrir að myndu fylgja virkjunum. Samgöngubætur voru almennt taldar jákvæðar, en deilt var um vegaframkvæmdir á hálendinu. Talað var um að meiri umræðu þyrfti um lagningu raflína þegar virkjanakostir væru kynntir. Þá gerðu margir þátttakendur greinarmun á áhrifum virkjana á byggingartíma virkjana og að honum loknum. Loks var rætt um hlutverk framkvæmdaaðila en margir sem tjáði sig á þeim nótum voru gagnrýnir á framgöngu þeirra í ýmsum málum.

Orkuframleiðsla - Almennt

Á íbúafundinum var fjallað um orkuframleiðslu, fyrst á almennum nótum en í framhaldi var sérstaklega rætt um mun á virkjanakostum til að fá nánari útlistun á því hvers vegna þátttakendum þótti einn kostur fýsilegri en annar, ef þeir á annað borð töldu vera mun á virkjanakostunum. Almennar umræður um orkuframleiðslu voru nokkrar, en meira var rætt um nýtingu en framleiðslu. Þó voru áberandi þemu. Sérstaklega var áberandi hve oft var vísað til sögu virkjanaframkvæmda og þá sérstaklega í tengslum við Blönduvirkjun. Þörfin á aukinni orkuframleiðslu var einnig mikið rædd af þátttakendum á íbúafundinum. Þá var töluvert rætt um aðrar tegundir orkuframleiðslu og smávirkjanir. Í þessum kafla verður fjallað um almennar umræður um orkuframleiðslu, en í þeim næsta verður hugað sérstaklega að þeim virkjanakostum sem voru helst til umræðu á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði.

Umræður á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði lituðust mjög af vísunum í virkjanasögu landsins, Blönduvirkjun var oftast nefnd í því samhengi. Langvarandi áhrif deilna vegna Blönduvirkjunar voru nokkuð ræddar, en það sem virtist skipta þátttakendur mestu var að ekki hafi verið staðið við loforð sem gefin voru í tengslum við þá framkvæmd. Munaði mestu um að ekki var talin hafa átt sér stað sú atvinnuuppbygging sem rætt hafði verið um. Dæmi af áhrifum Blönduvirkjunar voru notuð til að styðja hina ýmsu málstaði, eins og sjá má á öðrum stöðum í þessari skýrslu, en mestu máli virtist skipta að Skagfirðingar vildu ekki óvissu um það með hvaða hætti orkan yrði nýtt. Þá var talað um að virkjanir í Skagafirði hefðu verið ræddar áður á þeim forsendum að nýta ætti orkuna þar, en fólk hefði misst áhugann þegar kom í ljós að selja ætti orkuna á landsnetið, en margt hefði breyst síðan þá svo óvíst væri hver afstaða íbúa væri í dag. Breyting á viðhorfum til virkjanamála frá því sem var fyrir nokkrum áratugum var einnig nefnd sem ástæða fyrir því að virkja ekki. Sömuleiðis var nokkuð rætt um virkjanaframkvæmdir fyrir austan,

oft með þeim formerkjum að áhrifin hafi ekki verið jafn jákvæð og búist var við. Þó var það svo með það atriði og önnur söguleg dæmi sem tekin voru að báðar hliðar voru nefndar, þ.e. að rætt var um jákvæð áhrif fyrri virkjana og í sumum tilfellum að engin áhrif hafi orðið. Töluvert fleiri ummæli féllu þó um að ekki væri hægt að reiða sig á uppbyggingu á öðrum sviðum samfélagsins þó virkjað væri í Skagafirði.

Þörf á fleiri vatnsaflsvirkjunum var annað þema tengt orkuframleiðslu sem mikið bar á á íbúa–fundinum á Sauðárkróki. Oft kom fram það sjónarmið að orkuframleiðsla í landinu væri nægilega mikil nú þegar. Þetta sjónarmið kom einnig oft fram í spurningaformi, þar sem fólk vildi vita til hvers ætti að nota orkuna áður en tekin væri ákvörðun um virkjanir. Margir orðuðu þessa hugsun þannig að finna þyrfti kaupanda að orkunni áður en virkjað væri. Á einu borði komu þó fram umræður um að nauðsynlegt væri að byggja virkjun áður en hægt væri að semja við kaupendur. Annars staðar var það nefnt að orka úr stórri virkjun þýddi að orkan yrði seld til stórs kaupanda. Þörfin á aukinni orkuframleiðslu var meðal þeirra lykilspurninga sem margir þátttakendur töldu að þyrfti að svara áður en ákvörðun væri tekin um virkjun.

Þó nokkrar umræður fóru fram um mismunandi tegundir orkuframleiðslu, en að undanskilinni umræðu um vatnsaflsvirkjanir var mest rætt um vindorku. Skiptar skoðanir voru um ágæti vindorku, en þó voru töluvert fleiri ummæli um að sú tegund orkuframleiðslu væri áhugaverð. Kostir vindorku voru taldir vera minni umhverfisáhrif, að þær væru afturkræfar og að framþróun ætti sér stað í þeirri tegund orkuframleiðslu. Á móti var nefnt að vindmyllur væru ljótar og að staðsetningar þeirra skipti máli og hvernig þær falli að umhverfinu. Nefnt var að reisa ætti vindmyllugarða á sjó eins og í Danmörku. Sjávarfallavirkjanir vöktu einnig áhuga nokkurra þátttakenda, sem töldu tækifæri liggja í því á Íslandi. Sömuleiðis töldu margir vatnsaflsvirkjanir vera bestu orkuframleiðslutegundina. Skiptari skoðanir voru um jarðvarmaorku. Sumir töldu það áhugaverðan kost en aðrir nefndu að jarðvarmavirkjanir hafi ekki reynst jafn vel og vonast var til og hefðu slæm heilsufarsleg áhrif. Einn þátttakandi nefndi sólarorku sem áhugaverðan kost til að auka fjölbreytni í raforkuframleiðslu og annar að í framtíðinni myndu vera byggðar túrbínur við háhýsi. Þá nefndi einn að mikilvægast væri að búa til umhverfisvæna orku. Vindorka var sú orkuframleiðslutegund sem oftast var teflt gegn vatnsaflsvirkjunum og þótti mörgum það heppilegri kostur, þó aðrir hafi dregið fram kosti vatns-aflsvirkjana.

Smávirkjanir voru af mörgum talinn áhugaverður kostur sem bæri að skoða betur. Nokkrir lýstu því sem svo að þeir væru sáttari við slíkar framkvæmdir og töldu það nægja orkuþörf Skagfirðinga, þó alls ekki hafi verið einhugur um þá afstöðu. Nokkrir minntust á raforkusölu úr smávirkjunum á

landsnetið. Einn taldi það ekki vera mögulegt en annar nefndi að það væri gert nú þegar. Nefnt var að lítil virkjun hefði verið lögð niður í Skagafirði sem hægt væri að nota, að ein smávirkjun væri í Fljótunum sem hefði ekki fengist samþykkt ef byggja ætti hana í dag og að verið væri að byggja smávirkjanir nú þegar. Einn þátttakandi taldi mikilvægt að kynna smávirkjanakosti sem ekki var fjallað um í kynningu á íbúafundinum en annar nefndi að smávirkjanir væru ekki viðfangsefni stjórnvalda. Annað sem bar á góma var að fólk væri styrkt til að byggja litlar virkjanir í Evrópu, að smávirkjanir sæju bæjum fyrir orku og að margar smávirkjanir myndu koma í stað stórvirkjunar. Smávirkjanir voru almennt nokkuð vinsæl hugmynd en þátttakendur voru ekki sammála um hvort þær myndu duga til einar og sér.

Ýmislegt var rætt varðandi vatnsaflsvirkjanir. Kostnaðarmat Orkustofnunar var stundum rætt á þeim forsendum að tilteknir virkjanakostir væru of dýrir til að framkvæmdaaðilar sæju sér hag í að virkja, en einnig var rætt um að skoða þyrfti þjóðhagslega hagkvæmni virkjanakosta. Nokkrir minntust á möguleika á að bæta afköst núverandi virkjana svo ekki þyrfti að byggja nýjar virkjanir. Í því samhengi var minnst á að skipt hefði verið um túrbínur í Búrfellsvirkjun til að auka afköst hennar. Staðsetningar virkjana voru lítið ræddar en þó var minnst á að sjónmengun fylgdi virkjunum við byggð og að hafa ætti orkuframleiðsluna sem næst nýtingarstað til að minnka orkutap. Aðrir töldu mikilvægt að virkja á öðrum svæðum en þeim sem þegar er búið að virkja á til að tryggja raforkuöryggi. Þá minntist einn þátttakandi á líftíma virkjana á þeim forsendum að lón myndu fyllast á 60 árum og því ætti ekki að breyta umhverfinu fyrir skammtímaframkvæmd. Annar vildi skoða hvort hægt væri að virkja án þess að spilla fyrir flúðasiglingum. Nefnt var að kostur væri að virkjanir hefðu lítil áhrif á íbúa og að samstaða væri um byggingu þeirra. Þá var minnst á að heildarhugsun þyrfti að ráða för við ákvarðanatöku um orkuframleiðslu.

Á íbúafundinum komu fram áberandi þemu um orkuframleiðslu. Saga virkjanaframkvæmda virðist lita umræðu um virkjanir mikið, eins og fjölmargar vísanir til Blönduvirkjunar í þessari skýrslu benda til. Þá var mikið rætt um þörfina á fleiri virkjunum og vildu margir fá réttlætingu (oft hvað varðar nýtingu orkunnar) á því að virkja þyrfti. Sumir töldu að nægilegt væri að reisa nokkrar smávirkjanir í Skagafirði en aðrir töldu þörf á stærri virkjunum. Vindorka var sú tegund orkuframleiðslu sem mest var rædd, að vatnsorku undanskilinni, og voru þau ummæli almennt fremur jákvæð. Þá nefndu nokkrir hagkvæmnissjónarmið sem mikilvægt atriði við ákvarðanatöku um virkjanir. Þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði ræddu orkuframleiðslu nokkuð mikið, oft í tengslum við tiltekna virkjanakosti en umræður um virkjanakosti og mismunandi afstöðu til þeirra má lesa í næsta kafla.

Orkuframleiðsla – Munur á virkjanakostum

Hlutverk rammaáætlunar er að flokka virkjanakosti og því voru þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði beðnir um að gera grein fyrir því hvort þeir teldu einhverja virkjanakosti í sveitarfélaginu ákjósanlegri en aðra og hvers vegna þeir teldu svo vera. Þeir virkjanakostir sem voru til umræðu á íbúafundinum voru Villinganesvirkjun og tvær útfærslur af Skatastaðavirkjun (C og D). Umræður þessar áttu sér stað undir lok fundar, en þátttakendur lýstu einnig skoðunum sínum á virkjanakostum undir öðrum umræðuliðum. Heldur meiri umræður voru um Villinganesvirkjun en Skatastaðavirkjun, þar sem þátttakendur töldu hana hafa meiri umhverfisáhrif. Fjölmargar ástæður voru gefnar fyrir stuðningi eða andstöðu við tiltekna virkjanakosti og virkjanir almennt.

Þegar rætt var um mun á virkjanakostum á almennum nótum komu fram þrjú áberandi þemu. Hið fyrsta var að margir nefndu að enginn virkjanakostanna sem til umræðu voru væri heppilegur. Annað þema var að því minni umhverfisbreytingar sem virkjun fæli í sér því betri væri virkjunarkosturinn. Í því samhengi var nefnt að kostur væri að fórna minni náttúru, t.d. með því að minna land, og þá sérstaklega gróið land, færi undir lón. Einnig var nefnt að enginn kostur sem nefndur hefði verið væri jákvæður vegna mikilla umhverfisbreytinga. Þriðja þemað sem töluvert bar á var að mikilvægt væri að kosturinn væri virkjaður til nýtingar í Skagafirði. Annað sem nefnt var á almennum nótum var að enginn kostur væri heppilegur nema smávirkjanir, að ný tækni sem eykur afköst gerði virkjanakosti meira spennandi (Villinganesvirkjun var nefnd í þessu samhengi), að virkjanakostir nærri byggð hafi meiri áhrif á íbúa og að fleiri upplýsinga væri þörf til að hægt væri að gera greinarmun á virkjanakostunum. Þátttakendur virtust almennt meðvitaðir um að ólík sjónarmið réðu för þegar gerður var greinarmunur á virkjanakostum, en þrjú þemu voru mest áberandi, andstaða við alla virkjanakosti sem ræddir voru, að lágmarka þyrfti umhverfisáhrif virkjana og að kostur væri að nýta orkuna í Skagafirði.

Segja má að umræður um Villinganesvirkjun hafi aðallega skipst í tvennt. Annars vegar umræður um umhverfisleg áhrif og hins vegar umræður um samfélagsleg áhrif virkjunarinnar, en álíka mikið var rætt um þessi tvö þemu. Helsti ókostur Villinganesvirkjunar var talinn vera umhverfisáhrif hennar. Nokkrir nefndu að virkjunin framleiddi litla orku miðað við umfang umhverfisbreytinga. Á móti var nefnt að lítið land fari undir lón ef virkjunin yrði byggð. Þó var oftar talað um að umhverfisáhrif væru neikvæð meðal annars vegna þess að Austurdalur væri mikilvægur hluti af náttúru Skagafjarðar og þar væri mikið plöntulíf, að þeir sem hafa komið í gilið hjá Villinganesvirkjun vilja fara þangað aftur og eru á móti virkjun og að lón virkjunarinnar myndi fyllast af seti á skömmum tíma. Þá var nefnt að ekki sé hægt að bera saman landsvæðin sem glatast við Villinganesvirkjun

og Skatastaðavirkjun þar sem þau eru gerólík. Þau áhrif sem Villinganesvirkjun myndi hafa á umhverfið var sú ástæða sem helst var nefnd sem rök á móti virkjuninni.

Samfélagslegum áhrifum Villinganesvirkjunar má aðallega skipta í umræður um annars vegar nýtingu og hins vegar ferðaþjónustu. Einn kostur sem nokkuð var nefndur var að Villinganesvirkjun væri af þeirri stærðargráðu að Skagfirðingar gætu ráðið við hana og að fleiri og smærri fyrirtæki myndu nota orkuna. Virkjunin væri líklegri til að framleiða orku fyrir Skagafjörð, m.a. vegna þess að Kaupfélag Skagfirðinga ætti virkjunarréttinn, en nefnt var að aðstandendur kaupfélagsins væru áberandi hlynntir virkjun. Minnst var á að Villinganesvirkjun hefði verið lengi í umræðunni og að hún væri hagstæðari samkvæmt kostnaðarflokkun. Á móti var nefnt að virkjunin hefði meiri áhrif á íbúa og myndi vera fyrir augum þeirra á hverjum degi. Rætt var um að landeigendur við Villinganes hafi verið hlynntir virkjun áður, en óljóst hver viðhorf þeirra séu í dag. Áhrif virkjunarinnar á ferðaþjónustu voru einnig nefnd nokkuð oft. Ókostur virkjunarinnar var talinn vera að hún útiloki aðra atvinnustarfsemi og voru flúðasiglingar oft nefndar í því samhengi. Einn þátttakandi nefndi þó að Villinganesvirkjun myndi bæta aðgengi ferðamanna og að þeir myndu koma og skoða virkjunina. Jákvæð samfélagsleg áhrif Villinganesvirkjunar voru því helst talin vera að líkur væru á að orkan yrði nýtt í Skagafirði, en neikvæð samfélagsleg áhrif voru helst talin vera áhrif hennar á ferðaþjónustu.

Heldur fleiri þátttakendur á íbúafundinum virðast hafa haft jákvæða afstöðu til Skatastaðavirkjunar en Villinganesvirkjunar. Minni umhverfisáhrif var sá kostur sem helst var nefndur, en einnig var minnst á að virkjunin hefði minni áhrif á íbúa og að hún myndi bæta aðgengi að ferðamanna-svæðum. Ókostur virkjunarinnar var talinn vera hversu neðarlega hún var í kostnaðarflokkun. Nokkrir nefndu einnig samspil Skatastaðvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Nefnt var að Skatastaða-virkjun C væri skárri og sumir vildu sjá þann kost virkjaðan þar sem það kæmi í veg fyrir að Villinganesvirkjun væri byggð. Andstætt sjónarmið kom fram hjá einum þátttakanda sem leist best á Skatastaði D þar sem þá væri einnig hægt að virkja í Villinganesi. Þá var minnst á að Villinganes-virkjun myndi endast lengur ef Skatastaðavirkjun kæmi á undan. Af þeim sem drógu fram mun á virkjunum virðist því fleiri vera hlynntir Skatastaðavirkjun en Villinganesvirkjun.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó margir hafi borið saman virkjanakosti var töluverður hópur sem vildi hvorki byggja Skatastaða- né Villinganesvirkjun og nokkrir vildu virkja báða kosti. Þó er greinilegt að umhverfisáhrif virkjana vega þungt í mati Skagfirðinga á því hvaða virkjunarkostur er ákjósanlegastur. Áhrif á ferðaþjónustu og nýtingu spila einnig nokkurt hlutverk í því mati. Af þeim

virkjanakostum sem ræddir voru á fundinum voru ívið fleiri jákvæðir í garð byggingar Skatastaða-virkjunar, en erfitt er að meta hversu stór sá hópur er í samanburði við þá sem vildu nýta hvorugan virkjanakostinn.

Nýting

Nýting orku var á meðal þess sem þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði ræddu mest sín á milli. Það hvort orkan yrði nýtt í nærsamfélagi virkjananna var talið stýra því hvaða áhrif virkjanir myndu hafa á samfélagið og því var rætt um nýtingu orkunnar undir mörgum öðrum umræðuliðum. Annað þema sem kom oft fyrir voru umræður um stóriðju auk þess sem mikil andstaða kom fram við orkusölu um sæstreng. Notkun orkunnar á svæðinu virðist skipta töluverðu máli við mat íbúa á virkjanakostum.

Nýting orku í nærsamfélagi virkjana var það þema sem hlaut mesta umræðu og var vikið að því atriði í tengslum við nánast alla umræðuliði. Margir nefndu að áhrif virkjunarinnar sjálfrar á samfélagið væru e.t.v. lítil og yltu á því hvort orkan myndi nýtast í heimabyggð . Nýting orkunnar myndi þannig hafa áhrif á svör við flestum þeim spurningum sem lagðar voru fyrir íbúafundinn. Þátttakendum stóð ekki á sama um hvaða starfsemi yrði byggð upp í heimabyggð en voru sammála um að mikilvægt væri að orkan yrði nýtt þar. Nefndu margir berum orðum að þetta væri það atriði sem réði mestu um afstöðu þeirra og annarra í garð virkjana. Meðal kosta sem nefndir voru í tengslum við þetta var að minna orkutap yrði ef orkan væri nýtt á svæðinu, að mögulegt væri að margir smáir aðilar myndu nota orkuna og að nýting í nærsamfélagi myndi gefa fólki trú á svæðið. Margir nefndu þó að ekki væri öruggt að orkan yrði notuð í Skagafirði, að lítil orka væri notuð á svæðinu í dag og að jafnvel þó það hefði jákvæð áhrif á afstöðu þeirra að orkan yrði nýtt í nærsamfélaginu þá væru þeir andvígir virkjun. Þegar á heildina er litið er þó ljóst að það hefur töluverð áhrif á afstöðu þátttakanda hvort orkan er nýtt í nærsamfélagi virkjana eða ekki.

Stóriðja var það þema sem næst oftast var nefnt á íbúafundinum í tengslum við orkunýtingu og höfðu þátttakendur almennt fremur neikvæða afstöðu til þess að orka sem framleidd væri í Skagafirði yrði nýtt til stóriðjuuppbyggingar. Álver var sú tegund stóriðju sem oftast var nefnd, en einn þátttakandi nefndi einnig að ekki væri vilji fyrir að byggja olíuhreinsistöð. Margir nefndu að máli skipti í hvað orkan væri notuð og að það hefði neikvæð áhrif á afstöðu þeirra ef orkan yrði notuð í stóriðju. Þátttakendur voru ekki allir á móti stóriðju, en mikill meirihluti þeirra ummæla sem féllu um hana voru neikvæð. Einn þátttakandi sagði að það væri jákvætt við umræðu um virkjanir í dag að skoðaðir væru aðrir möguleikar en stóriðja. Neikvæð áhrif sem nefnd voru um samfélagsleg áhrif

stóriðju voru meðal annars að fá störf fengjust miðað við hversu mikil orka væri notuð, litlar þjóðartekjur fengjust og að hráefnið væri ekki notað á Íslandi. Einhverjir vildu vita hvaða verð fengist fyrir orku sem seld er til álvera og var framganga fyrirtækja gagnrýnd, þar sem þátttakendur töldu þau hafa hótað að fara ef raforkuverð yrði hækkað. Þá var umræða um stóriðju tengd við umræður um þörf á aukinni orkuframleiðslu, en nefnt var að lítill hluti rafmagns sem framleiddur er á Íslandi sé notaður í annað en stóriðju. Þá var rætt um að stóriðja væri skyndilausn á vandamálum samfélagsins.

Áhrif stóriðju á íbúa voru einnig nokkuð til umræðu. Nefnt var að ungt fólk hefði ekki áhuga á að vinna í stóriðju og að stóriðja myndi ekki fá fólk til að flytja aftur á svæðið. Bent var á að stóriðja mengi og að mengun hafi neikvæð áhrif á heilsufar. Þátttakendur nefndu hugmyndir um að kínverskt fyrirtæki reisti álver í Skagafirði og að rætt væri um álver í Húnavatnssýslu. Einn þátttakandi taldi álverið á Reyðarfirði vera dæmi um góða framkvæmd og útlit byggingarinnar hefði ekki mikil áhrif á umhverfið. Annar benti á að ekki væri samasemmerki milli virkjana og stóriðju. Þá var það nefnt að mörg fyrirtæki þjónusta álver, svo fleiri fengju störf en þeir sem störfuðu við stóriðjuna sjálfa. Af umræðum að dæma hugnaðist þátttakendum á íbúafundinum almennt illa að orkan yrði notuð til stóriðjuuppbyggingar.

Annar nýtingarkostur sem oft var nefndur á íbúafundinum var orkusala um sæstreng en sá kostur var afar óvinsæll. Þátttakendur útlistuðu sjaldan ástæður andstöðu sinnar og virtist oftar en ekki nægja að segja að kosturinn væri slæmur án þess að aðrir hreyfðu andmælum við. Meðal þess sem rætt var í tengslum við sæstreng var að það myndi hækka raforkuverð svo það yrði eins og í Evrópu, að sæstrengur væri óhagkvæmur, að íslensk orka myndi ekki sinna miklum hluta af orkuþörf Evrópu, að hættulegt væri að leggja sæstreng, að sæstrengur myndi auka á þrýsting á að byggja fleiri virkjanir, að sæstrengur hefði vond áhrif á umhverfið og að engin orka yrði eftir til að nota á Íslandi. Þó var nefnt að það væri gott að hafa sæstreng til að selja orkuna ef álverum yrði lokað á Íslandi. Andstaða við sæstreng virðist hafa verið almenn meðal þátttakenda á íbúafundinum.

Staðsetning nýtingaraðila skipti þátttakendur á íbúafundinum töluverðu máli. Eins og fram hefur komið óskuðu mjög margir eftir því að orkan yrði notuð í Skagafirði, en nokkrar umræður fóru einnig fram um orkunotkun annars staðar á Íslandi. Nokkrir nefndu að það skipti þá ekki máli hvar á landinu orkan væri notuð, en þeir voru töluvert fleiri sem töldu það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína ef orkan væri nýtt utan Skagafjarðar. Sumir nefndu þó að gott væri að orkan yrði notuð einhvers staðar í landshlutanum. Margir voru þó á því að orkan yrði ekki notuð á svæðinu þar sem hún yrði seld á

landsnetið og að íbúar á svæðinu hefðu lítið um það að segja. Einn þátttakandi benti þó á að orkusala um landsnet væri gagnkvæm og Skagfirðingar fengju sína orku um landsnetið í dag. Af þessari ástæðu var oft nefnt að lítill ávinningur yrði fyrir samfélagið af virkjun. Meðal þess sem nefnt var í umræðum um orkuflutninga var að næg orka væri nú þegar á landsneti, að orka tapaðist við flutning, að orkan væri framleidd á landsbyggðinni en send til höfuðborgarinnar og að nota ætti orku úr Blönduvirkjun á svæðinu. Þegar á heildina er litið virðast mun færri hafa tjáð þá skoðun að ekki skipti máli hvar orka er nýtt á landinu en þeir sem tjáðu vilja til að hún yrði notuð í nærsamfélaginu.

Nýting orkunnar var meðal þess sem þátttakendur sögðu eiga að vega þyngst þegar tekin væri ákvörðun um virkjanir. Margir ræddu um raforkuverð og töldu sumir að lækka ætti raforkuverð til heimila og fyrirtækja þar sem virkjað væri, en aðrir nefndu raforkuverð til landbúnaðar. Þá nefndu sumir að raforkuverð til stóriðju væri of lágt og aðrir að leita þyrfti kaupenda sem væru tilbúnir til að greiða hátt verð. Í almennum umræðum um nýtingu orku kom meðal annars fram að miklu máli skipti í hvað orkan er notuð, að kostur væri að nýtingaraðilar væru í fjölbreyttri starfsemi, að fólk ætti að hafa eitthvað um það að segja hvernig orka er nýtt og að áhugavert væri að sjá lista yfir mögulega nýtingarkosti. Áberandi þema í nýtingarumræðum var að skilgreina þyrfti þörfina fyrir frekari orkuframleiðslu út frá því hvaða nýtingarkostir stæðu til boða. Meðal nýtingarkosta sem nefndir voru á íbúafundinum en ekki hefur verið gerð grein fyrir í öðrum liðum var að garðyrkjubændur fengju ekki nógu gott raforkuverð, að hugmyndir væru um að reisa koltrefja-verksmiðju á svæðinu, að hægt væri að nota framburð úr ám í grágrýtisverksmiðjur og að hægt væri að nota rafmagn í samgöngur í stað olíu.

Þegar á heildina er litið virðast umræður um virkjanakosti í Skagafirði að miklu leyti snúast nýtingu. Fjöldi spurninga brennur á íbúum um hvernig orkan myndi nýtast og þá helst hvort orkan verði nýtt á svæðinu eða ekki. Þátttakendur á íbúafundinum höfðu sterkar skoðanir á því hvernig bæri að nýta orkuna og virðist nokkur andstaða hafa verið við stóriðjuuppbyggingu og lagningu sæstrengs. Mörgum hugnaðist hins vegar að selja orkuna til margra minni aðila. Aðalatriðið í hugum margra var að orkan yrði notuð í Skagafirði og hafði sú óvissa sem fylgdi því hvort sú yrði raunin mikil áhrif á flesta aðra umræðuliði á íbúafundinum.

Samráð

Töluvert var rætt um samráð við íbúa varðandi ákvarðanatöku um virkjanir. Bæði var skoðað hvernig þátttakendur vildu að samráði væri háttað og hvernig þeir töldu hafa verið staðið að því

fram að þessu. Auk þess var samráð við íbúa nefnt undir öðrum umræðuliðum. Þátttakendur voru almennt sammála um mikilvægi þess að hafa samráð og margir þeirra töldu að ekki hefði verið nægilega vel að því staðið fram að þessu.

Umræður um hvernig æskilegt væri að hátta samráði voru fjölbreyttar, en lutu að miklu leyti að því að koma þeirri hugsun til skila að því meira samráð sem haft væri, því betra væri það fyrir íbúa. Margir nefndu að mikilvægt væri að kynna málið vel, t.d. með borgarafundi, bæði kosti og galla svo að umræða og ákvarðanataka byggi ekki á ímynduðum forsendum. Veita þyrfti sem mestar upplýsingar til að íbúar gætu gert upp hug sinn. Þá var nefnt að taka ætti ákvörðun í sátt við íbúa eftir umræðu þar sem fólki gæfist tækifæri á að tjá skoðun sína. Einn lagði til að hvetja þyrfti almenning til að kynna sér og gera athugasemdir við virkjanaframkvæmdir, svo það væru ekki bara fræðimenn sem kæmu að málinu. Annar taldi samráðsfundi almennt vera leikrit þar sem ekki væri hægt að hafa áhrif á útkomu mála. Þá var nefnt að mikilvægt væri að hafa upplýsingar um kostnað á hreinu. Nokkur samhljómur var því um það að gott samráð fælist í aðkomu íbúa að ákvarðanatöku og mikilli upplýsingamiðlun.

Gæði umræðna um virkjanamál í Skagafirði voru töluvert rædd. Mat eins þátttakanda var að Skagafjörður væri umræðusamfélag en málum hafi ekki verið háttað þannig varðandi virkjanir fram að þessu, heldur virkjanakostir lagðir fram á borðið og sagt að nú ætti að framkvæma. Einn þátttakandi taldi að umræðan hafi verið vond og byggð á röngum upplýsingum. Annar nefndi að umræðan væri oft tilfinningaleg og byggð á vanþekkingu þar sem ekki væri ljóst til hvers væri verið að taka afstöðu m.a. varðandi útfærslur á Skatastaðavirkjun. Á svipuðum nótum var nefnt að veita þyrfti upplýsingar um breytingar á útfærslum virkjanakosta og nýtingu. Almennt vildu margir að skýrt væri betur um hvað væri verið að ræða og þyrfti að taka afstöðu til. Þá var nefnt að virkjanamál hafi lengi verið rædd í Skagafirði en ekki enn ljóst í hvað eigi að nota orkuna.

Upplifun sumra þátttakenda litaðist af því að þeir töldu sig útilokaða frá ferlinu. Nokkrir tjáðu skoðanir á borð við að þeir hefðu enga möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanatöku og að ef framkvæmdaaðilar vildu virkja þá myndu þeir gera það. Nefnt var að samráð hafi ekki verið mikið, Landsvirkjun hafi haldið fund en boðað fáa og málin rædd á almennum nótum. Upplifun þessa þátttakanda og nokkurra annarra var að samráðið væri sýndarleikur til að plægja jarðveginn áður en hugmyndir væru kynntar sem afarkostir. Annar taldi að virkjanasinnar hefðu haldið leynifund sem þátttakendum á borðinu hefði ekki verið boðið til. Þá var nefnt að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða ferðaþjónustunnar. Annar taldi ekkert samráð hafa verið, en leita þyrfti til íbúa til að fá

svar við spurningunni „Hvaða virkjunarkosti myndirðu helst geta sætt þig við?“ Mörgum virðist því vera umhugað um að fá tækifæri til að tjá hug sinn um virkjanakosti í Skagafirði.

Meðal þess sem mest var rætt um í tengslum við samráð við íbúa var upplýsingamiðlun. Nefnt var að það vantaði tæknilegar upplýsingar svo hægt væri að fá heildarsýn yfir stöðu virkjanamála. Tölur um orkunotkun í daglegu lífi voru nefndar í því samhengi. Aðrir vildu fá upplýsingar um hvaða verð fengist fyrir raforku sem seld er til álvera, hvort búið væri að finna kaupanda að orkunni og að raflínur yrðu teiknaðar inn á kort af virkjunarkostum. Þá var talið að upplýsingar mættu vera aðgengilegri og einn nefndi að þörf væri á íbúakosningu um málið. Einn þátttakandi taldi að samfélagsmiðlar væru góðir til að sætta ólík sjónarmið. Þá fannst sumum erfitt að svara spurningum um virkjanir þar sem ekki væri búið að veita svör við lykilspurningunni, hvernig eigi að nýta orkuna.

Annað sem rætt var í tengslum við samráð við íbúa var meðal annars hlutverk sveitarstjórnar við ákvarðanatöku og nefnt að hún væri endanlegur umsagnaraðili, en sömuleiðis að málið hafi ekki verið rætt í sveitarstjórn fram að þessu. Annar taldi að hætt hafi verið við að kynna virkjunarkosti eftir að skipulagsvaldið hefði verið tekið af sveitarfélögum. Talið var að samráð við byggingu Laxárvirkjunar væri dæmi um lélegt samráð. Einnig var minnst á að það hefði verið hægt að gera minna lón fyrir Blönduvirkjun en að það hafi þótt of dýrt. Þá taldi einn þátttakandi vandasamt að eiga skoðanaskipti um málið þar sem það sé erfitt að verðleggja landslag.

Ummæli um samráð voru ekki öll með neikvæðum formerkjum og oft í formi óska um frekari upplýsingar, en þó voru nokkrir sem voru fremur óánægðir með hvernig staðið hafði verið að málum fram að þessu. Sumir upplifðu útilokun frá ferlinu en aðrir nefndu að veita þyrfti meiri og betri upplýsingar. Samráð við íbúa var talið mikilvægt og var helst minnst á aðkomu íbúa og góða upplýsingagjöf í því samhengi.

Íbúafundur

Loks er vert að víkja að þeim ummælum sem féllu um íbúafundinn sjálfan. Margir þátttakendur lýstu yfir ánægju með fundinn og voru ánægðir með tækifærið til að fræðast og skiptast á skoðunum. Nokkrir nefndu íbúafundinn sem gott dæmi um hvernig eigi að standa að samráði við íbúa.

Meðal þess sem minnst var á í samhengi við íbúafundinn sjálfan var að gott væri að fá fjölda íbúa úr sveitarfélaginu og að það bæti umræðuna að hringja í fólk og fá álit þess á málinu. Einnig væri gott að geta miðlað af reynslu sinni af virkjanamálum og gott fyrir aðra að heyra af þeirri reynslu.

Nefnt var að áhugi á viðfangsefninu hafi fengið fólk til að mæta og einn þátttakandi var áhugasamur um að sjá sambærilegar niðurstöður frá Austurlandi þar sem búið er að virkja. Annar nefndi að hann hefði komið á fundinn til að afla sér upplýsinga. Enn annar þátttakandi nefndi þó að hann hefði átt von á að sjá útfærslur á virkjunum og svæðinu kynntar betur. Þátttakendur virðast þannig almennt hafa haft gagn og gaman af þátttöku á fundinum.

Nokkrir minntust á rammaáætlun og önnur kynningarmál í tengslum við ummæli um íbúafundinn. Einn taldi þetta vera í fyrsta sinn sem óskað væri eftir aðkomu íbúa að þessari vinnu en annar nefndi að reynt hafi verið að kynna náttúrufarsleg áhrif en fáir hafi haft áhuga. Þá var nefnt að Landsvirkjun hafi fjármagn til að kynna en fáir aðrir. Einn minntist á að rammaáætlun væri góð og að gott væri að fá fagfólk til þeirrar vinnu. Þegar á heildina er litið virðast umræður á íbúafundinum hafa verið talin ágæt leið til að skiptast á skoðunum við aðra í samfélaginu og jákvæður farvegur fyrir samráð um virkjanamál.

Samantekt

Íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði var liður í starfi faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana. Vinnan mun nýtast við þróun aðferða til að meta með hvaða hætti virkjanir geta haft áhrif á samfélagið. Markmið fundarins var að heyra sem flest sjónarhorn á málefninu og þar sem fjölbreyttar umræður fóru fram á fundinum má telja víst að gagn verði af þeim niðurstöðum sem þar fengust. Þátttakendum á íbúafundi er því sérstaklega þakkað framlag sitt á fundinum.

Meðal þess sem er áhugavert við aðferðafræði þá sem beitt var í tengslum við íbúafundinn, er að með fyrirlagningu spurningakönnunar þegar haft var samband við mögulega þátttakendur er hægt að skoða bæði dreifingu skoðana í sveitarfélögunum sem heild og að kafa dýpra í þessi atriði með umræðum á fundinum sjálfum. Þegar niðurstöður fyrir Skagafjörð eru skoðaðar kemur í ljós nokkur munur á niðurstöðum sem aflað er með þessum aðferðum. Þannig virðist vera mikil dreifing skoðana í sveitarfélögunum hvað varðar flest atriði. Einnig koma fram nokkuð skýrar niðurstöður um hvernig þeir vilja nýta orkuna, þar sem það er talið hafa jákvæð áhrif á afstöðu flestra að orkan sé nýtt í nærsamfélagi virkjananna en neikvæð áhrif ef hún er seld til stóriðju. Hins vegar er áhugavert að líta til þess að þó Skagfirðingar telji vatnsaflsvirkjanir almennt hafa jákvæð áhrif eru mjög skiptar skoðanir um ágæti þeirra virkjanakosta sem helst eru skoðaðir í þriðja áfanga rammaáætlunar, Villinganesvirkjunar og Skatastaðavirkjunar. Þessar niðurstöður einar og sér benda til þess að virkjanakostir í Skagafirði og áhrif þeirra á samfélagið séu umdeildir en umræður á íbúafundinum gefa betur til kynna hvers vegna svo er.

Við fyrstu sýn virðast umræður á íbúafundinum hafa verið nokkuð ólíkar niðurstöðum spurningakönnunarinnar sem lögð var fyrir íbúa í sveitarfélaginu að því leyti að töluvert fleiri neikvæð atriði eru nefnd en jákvæð í umræðum á íbúafundinum. Á íbúafundinn komu þátttakendur með fjölbreyttar skoðanir á virkjanamálum saman til að ræða samfélagsleg áhrif virkjana en almennt séð virðast þeir telja samfélagsleg áhrif virkjana ívið neikvæðari en aðrir íbúar sveitarfélaganna. Því er vert að gefa sérstakan gaum að því hvers vegna munur getur verið á þátttakendum á íbúafundi og þeim sem heima sátu.

Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að þeir sem hafa áhuga á efni fundarins eru líklegri en aðrir til að mæta á fundinn og tjá sig á honum og því geta umræður litast af því að þátttakendur hafi sterkari skoðanir á málefninu. Í öðru lagi var reynt að fjalla um sem flest atriði, þó sum þeirra hafi ekki verið nefnd í umræðum í sumum umræðuhópum. Í þriðja lagi má gera sér í hugarlund að stuðningur við virkjanaframkvæmdir ráðist af fáum atriðum sem vega þungt í huga þeirra sem þær styðja. Á hinn bóginn er mögulegur fjöldi þeirra atriða sem hægt er að hafa áhyggjur af, þegar jafn víðtækt málefni og samfélagsleg áhrif virkjana eru skoðuð, mikill. Því er mikilvægt við túlkun á niðurstöðum þessarar skýrslu að skoða þær í heild. Þannig er hvorki litið framhjá því að þeir eru fleiri sem telja að vatnsaflsvirkjanir í Skagafirði muni hafa jákvæð áhrif á marga samfélagslega þætti en telja að þær muni hafa neikvæð áhrif, né því að íbúar í sveitarfélaginu hafa áhyggjur af mörgu sem huga þarf sérstaklega að þegar áhrif tiltekinna virkjanakosta eru metin.

Umræðurnar voru fjölbreyttar en nokkur þemu skáru sig úr að því leyti að þau voru mest rædd af þátttakendum á íbúafundi. Ber þar að helst að nefna að margir lögðu áherslu á að orkan kæmi íbúum á svæðinu til góða, sérstaklega hvað atvinnuuppbyggingu varðar. Á hinn bóginn voru þátttakendur almennt lítt hrifnir af því að orkan yrði notuð til að byggja upp stóriðju. Önnur áberandi þemu voru að skoða þyrfti samspil virkjana við aðrar atvinnugreinar, sér í lagi ferðaþjónustu og að sumir íbúar væru andsnúnir vatnsaflsvirkjunum á svæðinu vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Þá var saga virkjanaframkvæmda mikið notuð til að styðja hina ýmsu málstaði, en umræða um virkjanir í Skagafirði litaðist sérstaklega af reynslu þátttakenda af Blönduvirkjun. Einnig var ræddur munur á virkjanakostum, þar sem reynt var að ná fram hvað réði helst afstöðu til þeirra. Umhverfisáhrif virkjana var talinn veigamesti þátturinn í þeim efnum. Þessi þemu voru þau sem helst brunnu á þátttakendum á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði, en fjölmargt annað var nefnt og hefur verið fjallað ítarlega um í þessari skýrslu.

Niðurstöður íbúafundar um samfélagsleg áhrif virkjana í Skagafirði eru áhugaverðar og sýna að þrátt fyrir að ekki sé auðvelt að meta samfélagsleg áhrif virðist vera þörf á því. Samanburður milli

svæða er mikilvægur og nú er hægt að skoða hvort afstaða íbúa við Þjórsá og í Skaftárhreppi sé ólík þeirri sem fram kom í Skagafirði. Auk þess er áhugavert að gera skoðanakannanir sem mæla fleiri atriði sem tengjast samfélagslegum áhrifum virkjana. Ljóst er að huga þarf að mörgu þegar samfélagsleg áhrif virkjana eru skoðuð. Þrátt fyrir að svo virðist sem fleiri íbúar í Skagafirði telji að áhrif virkjana verði jákvæð fremur en neikvæð, þá hafa margir þeirra efasemdir um þá virkjanakosti sem helst eru til skoðunar á svæðinu. Umræður á íbúafundinum leiddu í ljós margvísleg samfélagsleg áhrif sem þarf að huga að og dýpka skilning okkar á því hvers vegna íbúar á svæðinu hafa mismunandi afstöðu til virkjana almennt og tiltekinna virkjanakosta.

VIÐAUKI

Umræðurammi

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
14:00-14:15 **(Athugið hvenær fundur hefst upp á tímasetningar í fyrirmælum)** **U.þ.b. 10 mín.** *Byrjið á að kynna ykkur sjálf og ferlið stuttlega – farið síðan hringinn og biðjið alla þátttakendur á borðinu að kynna sig stuttlega.*	**1. Kynning** Umræðustjóri • Nafn • Ritari • Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands • Óháður aðili Ferlið • Nafnleyndar og trúnaðar er gætt • Engin rétt eða röng svör • Allar skoðanir eru jafn mikilvægar og við virðum skoðanir hvers annars • Slökkva á farsímum • Einn talar í einu • Allir óhræddir að segja sína skoðun – allir taka þátt • Engin ein skoðun rétt • **Fólk þarf ekki að vera sammála** • **Hafið gaman af umræðunum!** Þátttakendur • Nafn, starf Kaflaskipting umræðna (ef þið viljið kynna í upphafi) • **Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála** • **Samfélagsleg áhrif** • **Efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir** • **Orka og nýting hennar** • **Samantekt**	*Kynning á umræðustjóra, ritara, ferlinu og þátttakendum*

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
14:10-14:15 **U.þ.b. 5 mín** Koma umræðum af stað, reyna að fá sem flesta til að tjá sig fljótlega um almenn viðhorf.	**2. Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála** • Hvað þykir ykkur skipta mestu máli þegar tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir?	*Fá fram umræður um viðhorf til nýtingar- og umhverfismála að undirbúa fólk fyrir frekari umræður um áhrif virkjana á samfélög. Gott að sem flestir þátttakendur tjái sig í upphafi fundar.*

14:15-14:45
 	
U.þ.b. 30 mín.
 	
Biðja þátttakendur að ímynda sér hvaða félagslegu breytingar, í víðu samhengi, gætu átt sér stað ef farið verði í virkjanafram-kvæmdir.
	3. Samfélagsleg áhrif
	
	• **Hvaða áhrif hafa umræður um virkjanir haft á samstöðu fólks í Skagafirði?**
	
	• **Hvaða áhrif myndu virkjanir hafa á daglegt líf íbúa í Skagafirði?**
	  • Á karla og konur?
	  • Á ungt fólk og gamalt
	  • Eftir búsetu (þéttbýli/dreifbýli)?
	
	• Hvaða áhrif myndu breytingar á náttúru í Skagafirði hafa á heilsu og hamingju íbúa?
	• Hvaða samfélagslegu áhrif hefur það að virkja ekki í Skagafirði?
	• Hvaða áhrif myndu virkjanir hafa á fjölda íbúa í sveitarfélaginu? - Hvaða áhrif hafa mannfjöldabreytingar í Skagafirði á framkvæmdatímanum? En að framkvæmdum loknum?
		Hvaða áhrif hafa virkjanir í Skagafirði á samfélagið?

14:45-14:55 **U.þ.b. 10 mín.** Biðja þátttakendur að ímynda sér hvaða breytingar eigi sér stað á efnahag, þjónustu og hverjar	**4. Efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir** • **Hvaða efnahagslegu áhrif myndu virkjanir hafa á íbúa í Skagafirði? En á fjárhag sveitarfélagsins?** • **Hvaða efnahagslegu áhrif myndi það hafa að virkja ekki í Skagafirði?** • Með hvaða hætti teljið þið sanngjarnt að skipta fjárhagslegum ávinningi af virkjunum?	*Fá fram hugmyndir fólks um hvaða breytingar verða á efnahagslífi sveitarfélaganna.*

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
tengdar framkvæmdir gætu verið.	• Hver verða áhrif virkjana á atvinnulíf í Skagafirði? • Hvaða breytingar myndu eiga sér á opinberri þjónustu á framkvæmdatímanum? En að framkvæmdum loknum? T.d. vegakerfi, heilbrigðisþjónustu og löggæslu	
14:55-15:05 **U.þ.b. 10 mín** Biðja fólk um að áætla hver áhrif af virkjanaframkvæmdum gætu orðið ef af þeim verður. Huga að því hvort einhver atriði varðandi nýting og framleiðslu breyti stuðningi eða andstöðu þeirra við virkjanir.	**5. Orka og nýting hennar** • **Hvaða áhrif hefur það á afstöðu ykkar til virkjana hvar nýta á orkuna? T.d. í sveitarfélagi þátttakenda, öðrum sveitarfélögum nálægt Skagafirði, landshluta eða annars staðar á Íslandi** • **Skiptir máli í hvað orkan er notuð? T.d. í stóriðju, aðra atvinnustarfsemi, seld um sæstreng** • Hvaða tegund orkuframleiðslu er eftirsóknarverðust? T.d. vatnsorka, jarðhitaorka, vindorka • Skiptir máli hvar er virkjað? T.d. á hálendinu eða í næsta nágrenni við byggð	*Að fá fram umræður um hvernig er best að nýta orku.* *Hvers konar orkuframleiðsla og –nýting hugnast þátttakendum best? Í hvað og hvar er ákjósanlegast að nota orkuna?*
15:05-15:15 **U.þ.b. 10 mín** Hefja umræður á fyrstu spurningunni (feitletruðu). Reyna að fá fram sjónarmið um hvað veldur mismunandi stuðningi við virkjanakosti. Spyrja síðan um samráð við íbúa.	**6. Virkjanakostir og samráð við íbúa** • **Teljið þið einhverja virkjanakosti í sveitarfélaginu ákjósanlegri en aðra? hvers vegna?** • Hvers konar samráð á að hafa við íbúa varðandi virkjanaframkvæmdir? • Hvers konar samráð hefur verið haft við íbúa í Skagafirði varðandi virkjanir í sveitarfélaginu?	*Að fá fram umræður um það hvort þátttakendur hafi ólíka afstöðu til tiltekinna virkjanakosta og viðhorf þeirra til samráðs við íbúa.*

Spurningar umræðuhópa til faghóps

Í lok fundar gafst fulltrúum umræðuhópa tækifæri til að beina spurningum til Jóns Ásgeirs Kalmanssonar og Magnfríðar Júlíusdóttur, fulltrúa faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana, sem umræðuhóparnir höfðu komið sér saman um. Hér eru birtar styttar útgáfur spurninganna, en ekki tókst að rita spurningarnar í heild.

Hópur 1: Engin spurning til faghóps.

Hópur 2: Engin spurning til faghóps.

Hópur 3: Engin spurning til faghóps.

Hópur 4: Engin spurning til faghóps.

Hópur 5: Spurning 1: Hvaða áhrif hefur það á ferðaþjónustu ef virkjað er?
Spurning 2: Hafa áhrif virkjana á ferðaþjónustu verið rannsökuð þar sem búið er að virkja ? Eru til tölulegar upplýsingar um gagnkvæm áhrif ferðaþjónustu og virkjana, jákvæð eða neikvæð áhrif ?
Spurning 3: Hvaða skoðun hafa gestir, sem koma að skoða virkjanir, á virkjunum? Hefur það verið kannað?

Hópur 6: Er á einhvern hátt hægt að tryggja að orka sem er fundin hér í Skagafirði, verði nýtt hér í Skagafirði, eða er algjör óvissa um það?

Hópur 7: Engin spurning til faghóps.

Hópur 8: Spurning 1: Verður metið hvaða áhrif virkjanir hafa á atvinnustarfsemi í héraðinu jákvæð og neikvæð, beint og óbeint?
Spurning 2: Hvað vinnst með virkjun, hver er ávinningurinn?
Spurning 3: Grundvallarspurning, hvers virði er að eiga ósnertar náttúruperlur, sem þátt í lífsgæðum okkar, íbúa Skagafjarðar, huglægum lífsgæðum ef svo má segja?